

Copeinca í norsku kauphöllina
Fyrsta erlenda skráning Glitnis



Stýrivextir Seðlabankans

Bíta í smákólnandi hagkerfi



12-13

Aðstoðarforstjóri Actavis
Með brennandi áhuga á lyfjum



16

Efi um sjálfstæði peningastefnu

Hendur Seðlabankans kunna að vera verulega bundnar í ákvörðun um vexti og bankinn bundinn ákvörðunum annarra seðlabanka, segir Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Hann segir að auk þess kunni krónubréfaútgáfa að setja bankanum skörður, þannig að hann sé ofurseldur því að halda hærri vöxtum hér á landi til að forða því að eigendur innleysi bréf sín og valdi skarpri veikingu á krónunni. Þarna er vegið að annarri röksemd fyrir núverandi fyrirkomulagi. Hin er ólík hagsveifla milli Íslands og Evrópu sem Ólafur bendir á að fari ört minnkandi.

Ólafur ritar grein í Markaðinn í dag þar sem hann fer yfir helstu rök fyrir og gegn upptöku evru og inngöngu í Evrópusambandið.

- hh / sjá síðu 14

Fyrsta erlenda skráning Glitnis

Næstkomandi mánudag verður Copeinca, fjórði stærsti fiskimjols- og lýsisframleiðandi Perú, skráð í Kauphöllina í Osló.

Það er Glitnis Securities, dótturfélag Glitnis í Noregi, sem er umsjónaraðili skráningarinnar. Þetta er í fyrsta skipti sem bankinn skráir fyrirtæki í erlenda kauphöll.

Jafnframt stóð bankinn að sjö milljarða útboði í Copeinca í desember þar sem nýtt hlutfé var selt til alþjóðlegra fagfjárfesta. Fjárhæðin verður nýtt til fyrirtækjakaupa. Copeinca, sem var metið á ellefu milljarða króna fyrir útboðið, velti um 6,5 milljörðum króna á síðasta ári. Aðstæður eru góðar fyrir skráningu um þessar mundir; fiskimjolsverð er hátt og mikill áhugi er fyrir nýskráningum í Osló.

Glitnismenn lita á þessa skráningu sem stökkpall fyrir frekari nýskráningar alþjóðlegra sjávarútvegsfélaga.

- eþa / sjá bls. 10

FRÉTTIR VIKUNNAR

Vinsæll lánþegi | Kaupþing hlaut góða einkunn í yfirferð nýttkomins tölublaðs viðskiptaritsins EuroWeek á síðasta ári og er ofarlega á blaði í vali á bestu lánþegum í hópi fyrirtækja og stofnana.

Vilja blómakeðju | Fjárfestahópur sem samanstendur af Baugi Group, fjárfestingarfélagi Skotans Toms Hunter og Halifax Bank of Scotland, er sagður vilja taka yfir bresku garðvörukeðjuna Blooms of Bressingham.



Hækkun framundan | Kaupþing spáir því að árshækkun úrvals-vísitölunnar verði um 25 prósent. Greinendur hjá Glitni og Landsbankanum gera einnig ráð fyrir að markaðurinn hækki um 20 til 25 prósent á árinu.

Aukin útlán | Útlán Íbúðalánasjóðs og bankakerfisins jukust um rúm sex prósent í desember síðastliðnum frá fyrri mánuði. Alls námu lánin rúmum níu milljörðum króna.

Æfa sig | Á þessu ári taka fjármálaeftirlit, fjármálaráðuneyti og seðlabankar á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum þátt í viðlagæfingu fjármálayfirvalda til að kanna viðbragðshæfni yfirvalda í ríkjunum.

Metið féll | Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands endaði í 6.930 stigum á mánudag sem er hæsta gildi hennar frá upphafi. Eldra met, 6.925 stig, var sett 15. febrúar í fyrra.

Styrkja sig | Viðræður eru vel á veg komnar um kaup Alfesca á franska fyrirtækinu Adrimex, sem er leiðandi í vinnslu rækjuafurða í Frakklandi. Velta Adrimex árið 2006 var sem nemur um 5,1 milljarði króna.

Kaupþingi spáð mestum hagnaði félaga árið 2007

Minni hagnaður af sölu eigna dregur heildarafkomu niður á milli ára. Fimm félög skila yfir tuttugu milljörðum í hús og ekkert verður rekið með tapi.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Greiningardeildir viðskiptabankanna reikna með að samanlagður hagnaður tuttugu kauphallarfélaga verði á bilinu 137-225 milljarðar króna árið 2007. Þessi mikli munur skýrist aðallega af því að Greiningardeild Kaupþings, sem er með lægstu spána, áætla hvorki fyrir um eigin afkomu né hagnað hjá Existu, en bæði Glitnir og Landsbankinn, sem spá heldur ekki fyrir eigin afkomu, búast við að Kaupþing og Exista hagnist mest á yfirstandandi ári.

Á árinu 2006 reikna greiningardeildir bankanna með að samanlagður hagnaður fyrirtækja hafi numið 160-254 milljörðum króna.

Sérfræðingar bankanna eru samála um að árið 2007 muni koma til með að einkennast af frekari útrás, jafnt hjá fjármálayfirrtækjum sem og rekstrarfélögum. Þrátt fyrir að allt stefni í gott ár hvað afkomuna snertir eru allar greiningardeildirnar samhljóða um að heildarafkoman dragist saman á milli ára, eins og

fyrir var getið. Þetta skýrist fyrst og fremst af minnkandi gengis- og söluhagnaði fjármála- og fjárfestingarfélaga. Hins vegar eru markaðsaðilar bjartsýnir um verulegan rekstrarbata hjá framleiðslufyrirtækjunum svokölluðu.

Kaupþingi er spáð um 59,7 milljarða meðaltalshagnaði en bankinn skilaði mestum hagnaði fyrirtækja í Kauphöll árið 2005 og að öllum líkindum líka árið 2006. Þar á eftir kemur Exista með tæplega 41,8 milljarða króna meðaltalshagnaði. Glitnir mun sitja í þriðja sæti rætist spánnar með um 28,3 milljarða hagnað en þar á eftir koma Landsbankinn (26,4 milljarðar) og FL Group (24,8 milljarðar). Straumur skilar rétt tæpum tuttugu milljörðum króna í hús, Actavis 13,6 milljörðum og Bakkavör Group yfir 8,2 milljörðum króna.

Miðað við meðaltalsspár mun ekkert félag verða rekið með tapi á árinu 2007. Minnsti hagnaðurinn fellur í skaut 365 hf., 74 milljónir króna miðað við meðaltal tveggja spáa.

Þegar allar meðaltalsspár eru lagðar saman fæst út að samanlagður hagnaður félaganna verður um 244 milljarðar króna árið 2007.

AFKOMUSPÁR FYRIR 2007

| | |
|-------------------|---------|
| Kaupþing | 59.652 |
| Exista | 41.768 |
| Glitnir | 28.321 |
| Landsbankinn | 26.422 |
| FL Group | 24.836 |
| Straumur-Burðarás | 19.945 |
| Actavis | 13.686 |
| Bakkavör | 8.210 |
| Eimskipafélagið | 4.013 |
| Mosaic Fashions | 3.127 |
| Atorka Group | 2.930 |
| TM | 2.360 |
| Icelandair Group | 2.196 |
| Alfesca | 1.926 |
| Icelandic Group | 1.647 |
| Össur | 1.213 |
| Teymi | 873 |
| Marel | 797 |
| Vinnslustöðin | 683 |
| 365 hf. | 74 |
| Alls | 244.679 |

Upphæðir í milljónum króna

Evrubókhald hluti áhættustýringar

Bankarnir fara á endanum í evrur en það gæti tekið lengri tíma en ætlað var.

Möguleg tilfærsla bankanna á eigin fé sínu úr krónum í evrur er hluti af áhættustýringu þeirra og í raun óviðkomandi umræðu um framtíð krónunnar sem gjaldmiðils þjóðarinnar. Þetta segir Björn Rúnar Guðmundsson, sérfræðingur greiningardeildar Landsbankans, og kveður bankana hljóta að stíga þetta skref fljótlega.

Björn Rúnar segir þó ljóst að lengra sé í breytinguna en ætlað hafi verið um áramótin þegar talið var að bankarnir myndu strax fylgja í kjölfar Straums-

Burðarás. „Kaupþing er hins vegar komið langlengst í þessu, með stærstan hluta af sínum tekjum í erlendri mynt og er klárlega næsti kandídat. Landsbankinn og Glitnir eru ekki komnir jafnlangt og málið ekki jafnaðkallandi. Þá hafa komið yfirlýsingar frá Kaupþingi um að þeir hafi safnað gjaldeyri.“

Björn Rúnar segir einnig ljóst að bankarnir hafi engan hag af því að breyta eigin fé sínu í ósátt við Seðlabanka eða stjórnvöld. „Bankarnir eru jú allir undir eftirliti og fjármálastöðugleiki er

stór þáttur af þeirra umhverfi.“ Þá sé ekki eintómur ávinningur því fylgjandi fyrir fjármálastofnanir að færa bókhald sitt í aðra mynt. „Stóri mínusinn við þetta fyrir bankana er náttúrulega að missa hugsanlega stuðning Seðlabankans. Vega þarf og meta gallana á móti kostunum,“ segir Björn Rúnar og spáir því að stjórnendur bankanna muni tjá sig um stefnuna í þessum málum á aðalfundum þeirra í næsta og þarnaesta mánuði. „Hluthafar vilja væntanlega fá að vita hvert stefnir.“ - óká / Sjá einnig úttekt í miðopnu Markaðarins

120
1886
2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK
13,3%*

GBP
5,7%*

USD
5,3%*

EUR
3,2%*

Markmið
Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldreyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru rekin af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. desember 2006 - 3. janúar 2007.

GENGISPRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---------------------|------|--------------|
| 365 | -3% | -6% |
| Actavis | 2% | 11% |
| Alfesca | 0% | -1% |
| Atlantic Petroleum | -1% | -1% |
| Atorka Group | -2% | 1% |
| Bakkavör | 5% | 5% |
| FL Group | 4% | 15% |
| Glitnir | 0% | 7% |
| Hf. Eimskipafélagið | -1% | 2% |
| Kaupþing | 3% | 10% |
| Landsbankinn | 1% | 9% |
| Marel | -2% | -3% |
| Mosaic Fashions | -8% | -9% |
| Straumur | 1% | 5% |
| Össur | 0% | 0% |

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Metmánuður í krónubréfaútgáfu

Janúar er stærsti mánuður í útgáfu krónubréfa frá upphafi. Alls hafa níu erlendir bankar gefið út krónubréf fyrir 61,5 milljarða króna í mánuðinum. Krónubréf eru skuldabréf gefin út í íslenskum krónum.

Í gær bættist nýr banki í hóp útgefenda, þýski bankinn NRW Bank, með tveggja milljarða króna útgáfu. Í fyrradag gaf austurríski bankinn Kommunal Kredit Austria út bréf fyrir þrjá

milljarða. Hann hefur áður gefið út krónubréf en í minna magni. Í heildina nemur útgáfa krónubréfa nú 321 milljarði króna.

Mikil útgáfa krónubréfa styður við íslensku krónuna sem hefur styrkst um 2,6 prósent frá áramótum. „Til grundvallar styrkingunni liggur sú skoðun fjárfesta að gengi krónunnar komi ekki til með að lækka meira en sem nemur muninum á erlendum og innlendum vöxt-



um,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningardeildar Glitnis. - hhs

Straumur í Nordea

Straumur-Burðarás er sagður vera einn þeirra fjárfesta sem hafa keypt hlutabréf í Nordea, stærsta fjármálafyrirtæki Norðurlanda, að sögn Dagens Industri. Stefnir er að sölu á fimmtungshlut ríkisins í Nordea og er talið líklegt að finnska félagið Sampo, sem hefur keypt bréf í Nordea í stórum stíl, og Investor, stærsti hluthafinn í SEB, vilji eignast þann hlut.

Straumur átti hlut í Sampo í lok 3. ársfjórðungs á síðasta ári, sem metinn var á þrjá milljarða. Sampo hefur hækkað um 26 prósent frá lokum 3. árshluta. - eþa

Aukin smásöluverslun í Bretlandi

Smásöluverslun jókst um 3,7 prósent á milli mánaða í desember í fyrra í Bretlandi. Þetta er þvert á það sem reiknað var með enda búist við talsverðum samdrætti í sölu yfir hátíðirnar. Margar verslanakeðjur brugðust við hrakspánum með því að lækka verð á vörum og bjóða upp á ýmiss konar tilboð síðustu dagana fyrir jól. Niðurstaðan varð hins vegar sú að smásala hefur ekki aukist meira á milli mánaða í 18 mánuði.

Greiningardeild Landsbankans hefur eftir vefútgáfu breska dagblaðsins Telegraph á mánudag að um fullmikla svartsýni hafi verið að ræða og bent á til samanburðar að aukningin



FRÁ SÝNINGU MOSAIC FASHIONS Smásöluverslun jókst þvert á væntingar í Bretlandi í desember í fyrra. MARKAÐURINN/PÁLL

hafi numið 1,1 prósent á milli mánaða í nóvember.

Greiningardeildin segir þetta góðar fréttir fyrir félög á borð við Mosaic Fashions, sem er með meginhluta starfsemi sinnar í Bretlandi. - jab

Kaupmáttur eykst um tæp 3 prósent

Launavísitala í desember í fyrra lækkaði um 0,1 prósentustig á milli mánaða. Lækkunin skýrist af því að áhrifa gætir ekki lengur af 26.000 króna eingreiðslu sem kom til við endurskoðun kjarasamninga Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins á almennum vinnumarkaði sem greidd var í árslok 2005, að sögn Hagstofu Íslands.

Hagstofan segir launavísitölu helstu launþegahópa á fjórða árs-



fjórðungi í fyrra hafa hækkað um 1,3 prósent frá fyrri ársfjórðungi. Launavísitala opinberra starfsmanna hækkaði um 1,5 prósent og vísitalan á almennum markaði hækkaði um 1,1 prósent.

Greiningardeild Glitnis bendir á það í Morgunkorni sínu í gær að lækkunin sé minni en sem nemi áhrifum eingreiðslunnar og hafi laun því hækkað um 0,2-0,3 prósent á milli mánaða í desember. Þetta jafngildir því að launavísitalan hafi hækkað um 9,8 prósent síðastliðna 12 mánuði á sama tíma og vísitala neysliverðs hækkaði um 7,0 prósent. Hafi kaupmáttur launa því aukist um tæp þrjú prósent á tímabilinu, að sögn greiningardeildar Glitnis. - jab



ÁLVER ALCOA Á REYÐARFIRÐI Matsfyrirtækið Standard & Poor's lækkaði lánsþæfismat Alcoa eftir að það ákvað að kaupa aftur allt að 10 prósent eigin bréfa og hækka arðgreiðslur til hluthafa.

Markaðurinn/Jón Sigurðsson

Lánsþæfismat Alcoa lækkað

Alcoa stefnir á hækkun arðgreiðslna og kaup á eigin bréfum. Standard & Poor's hefur efasemdir um ákvörðunina.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's lækkaði lánsþæfismat bandaríska álrisans Alcoa á föstudag í síðustu viku úr A- í BBB+. Lækkunin kemur í kjölfar ákvörðunar stjórnar félagsins að hækka arðgreiðslur til hluthafa um 13 prósent og kaupa allt að 10 prósent af eigin bréfum. Horfur eru stöðugar að mati Standard & Poor's. Alcoa gaf út skuldabréf fyrir tvo milljarða Bandaríkjadala á mánudag eftir að lánadrottinnar félagsins lýstu yfir áhyggjum af stöðu mála vegna lánsþæfismatsins.

Í matinu koma fram efasemdir um að Alcoa geti lækkað skuldir sínar á sama tíma og félagið auki útgjöld með kaupum eigin bréfa, í ljósi þess að heimsmarkaðsverð á áli fer lækkandi. Standard & Poor's bendir enn fremur á að ákveðið hafi verið að lækka matið eftir að álrisinn sá sér ekki annað fært en að selja eignir til að mæta auknum kostnaði.

„Í ljósi aukinna útgjalda vegna kaupa á eigin bréfum og lækkandi álverðs verður að teljast ólíklegt að fyrirtækinu [Alcoa] takist að lækka skuldir sínar innan ásættanlegs tíma,“ segir í mati Standard & Poor's.

Fréttastofa Reuters hefur eftir Chris Snow, greinanda hjá bandaríska matsfyrirtækinu CreditSight, á mánudag að ákvörðun Alcoa um kaup á eigin bréfum sé einungis til þess fallin að milda hluthafa félagsins á kostnað lánadrottina. Hann bendir á að gengi hlutabréfa margra stórfyrirtækja í Bandaríkjunum hafi verið í kyrrstöðu um árabíl og hafi hluthafar þrýst á stjórnendur fyrirtækjanna að þeir grípi til einhverra ráða til að þoka genginu upp á við. Lánadrottinn líki slíkt eðlilega illa þar sem kaupin minnki líkurnar á að félagið nái að grynna á skuldum sínum auk þess sem það auki líkurnar á móti á lægra lánsþæfismati, að sögn Snows. Hann bætir við að skuldabréfaútgáfan sé til þess fallin að fjármagna endurkaup Alcoa á eigin bréfum auk þess sem vonast er til að hægt verði að róa lánadrottinn félagsins með útgáfunni. Mælir hann með því að hluthafar haldi í bréf sín í félaginu.

Alcoa skilaði jafnvirði 160 milljarða króna hagnaði á síðasta ári sem er methagnaður í 118 ára sögu félagsins. Framleiðsla fyrirtækisins nam rúmum 15 milljón tonnum á tímabilinu en það er 3,6 prósent aukning á milli ára. Álverð fór í hæstu hæðir um mitt síðasta ár en hefur farið lækkandi síðan og bendir fátt til að það fari í methæðir á nýjan leik á næstunni.

LÍTUR VEL ÚT
SANTAFE

Bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jepplinga

Hyundai kynnr nýja kynslóð stærri sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Pitt er valið.

Verð frá kr. 3.740.000
Hlaðinn staðalbúnaði
Komdu í reynsluakstur



Með bíllinn handa þér

Bíll á mynd: Santa Fe GLS lux, 2,2 dísel - 7 manna.

HYUNDAI hefur gæðin

Framúrskarandi!

Hinnin og haf / SIA



Langhæsta ávöxtunin

Eins og sjá má af meðfylgjandi nótum var ávöxtun SPRON Verðbréfa einu orði sagt FRAMÚRSKARANDI miðað við sambærilega sjóði á markaði eða **15,2%***

Um er að ræða **Peningamarkaðssjóð SPRON**, en markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hentar hann því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en fá samt stöðuga ávöxtun. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er laus samdægurs.

Kynntu þér málið nánar á www.spronverdbref.is

 **spron**
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst til 31. desember 2006 uppreiknað á ársgrundvelli.

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is. Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum. Tölur samkeppnisaðila eru unnar úr gögnum frá www.sjodir.is.

HUGTAK VIKUNNAR



Framvirkur samningur er samningur sem skuldbindur handhafa til að kaupa eða selja ákveðna eign, svo sem erlendan gjaldreyri eða hlutabréf, á ákveðnu verði á tilteknum degi í framtíðinni. Í reikningshaldi þeirra sem að koma eru samningar um kaupskilyldu færðir eignamegin en samningar um söluskilyldu færðir skuldamegin.

Einnig er til í dæminu að þeir sem kaupa hlutabréf með framvirkum samningi taki lán til að standa undir kaupverðinu og er þá talað um skuldsetta stöðu.

Þingið áhrifalaust varðandi gengismál

Spurningum velt upp í fyrirlestri þar sem kafað var í söguna.

Margar stefnumarkandi ákvarðanir í peningamálum þjóðarinnar hafa verið teknar án frumkvæðis eða skilnings stjórnmalamanna, að sögn Vilhjálms Bjarnasonar aðjúnkt við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Vilhjálmur velti upp spurningunni um hvort svo kynni einnig að fara í tengslum við umræðu um kosti og galla evrunnar sem gjaldmiðils hér í stað krónu í erindinu Þrautir þingsins, sem hann flutti í hádeginu í gær í málstofu viðskipta- og hagfræðideilda. Hann segist þó ekki ætla



VILHJÁLmur BJARNASON AÐJÚNKUR Vilhjálmur kynnti helstu niðurstöður úr grein í vinnslu í Odda í gær. MARKAÐURINN/RÓSA

að spá neinu um hver þróunin verði, en segir merkilegt að sjá hvernig þingið hafi í gegnum tíðina yfirleitt staðið frammi fyrir

orðnum hlutum þegar kæmi að ákvörðunum um gengi, verðtryggingu og vexti. „Spurningin er kannski sú hvort fyrirtækin velji sér mynt hvert og eitt eins og heimild er fyrir í lögum um ársreikninga þar sem þau geti ekki búið við það að sveiflur í gengi krónunnar séu 10 til 15 prósent innan árs.“ Vilhjálmur bendir á að fyrirtæki færi mörg hver þegar bókhald sitt í erlendri mynt, að þrjár fjórðu útlána bankanna séu það líka um leið og mikið af fjármálastjórn fyrirtækja fari í gjaldmiðlastýringu. - óká

Viðgerð frestað á Cantat-3

Viðgerðarskipið CS Pacific Guardian sem átti að gera við Ameríkulegg Cantat-3 sæstrengrins hefur verið sent aftur í heimahöfn á Bermúda og viðgerð frestað um óákveðinn tíma.

Skipið kom á bilunarstað mánudaginn 15. janúar en hefur ekki getað hafið viðgerð vegna slæms veðurs og sjólags. „Vegna veðurútlits hafa rekstraraðilar strengsins því ákveðið að fresta viðgerð að sinni,“ segir í tilkynningu og vísar til þess að strengurinn til Evrópu hafi verið gangsettur að nýju síðdegis 18. janúar. - óká

Íslensk verðbréf skila methagnaði

Íslensk verðbréf hf. á Akureyri skiladu methagnaði á síðasta ári og einkenndist reksturinn af miklum vexti. Alls nam hagnaður félagsins 403 milljónum króna.

Fyrirtækið sérhæfir sig í eignastýringu og stýrir um níutíu milljörðum króna fyrir viðskiptavinum sem eru meðal annars lífeyrissjóðir, tryggingafélög og einstaklingar. Sævar Helgason, framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa, segir að



SÆVAR HELGASON, HJÁ ÍSLENSKUM VERÐBRÉFUM Félagið skilaði yfir fjögur hundruð milljóna króna hagnaði.

auk methagnaðar hafi talsverð aukning orðið á eignum í stýringu. „Árangurinn má þakka skýrri stefnu ásamt öflugum og samstilltum hópi starfsmanna,“ segir Sævar í fréttatilkynningu.

Stærstu hluthafar félagsins eru Íslensk eignastýring, Sparisjóður Norðlendinga og Lífeyrissjóður Norðurlands.

Félagið fagnar tuttugu ára afmæli sínu á þessu ári. - eþa

Erlendar eignir lífeyrissjóða fari í helming heildareigna

Erlendar eignir lífeyrissjóðanna hafa á áratug farið úr þremur prósentum í tæp þrjátíu af hreinni eign þeirra. Einkum er fjárfest í alþjóðlegum hlutabréfasjóðum.

Eggert Þór Aðalsteinsson skrifar

Lífeyrissjóðirnir hafa vaxið hlutfallslega hraðar í erlendum eignum en þeim innlendu, samfara þeirri gríðarlegu aukningu sem orðið hefur á hreinum eignum þeirra á liðnum árum, einkum á síðustu tveimur árum. Lífeyrissjóðirnir, sem hafa fjárfest erlendis frá árinu 1994, hafa 42-faldað erlendar eignir sínar á einum áratug. Í lok nóvember voru þær komnar í rúma fjögur hundruð milljarða króna, sem svarar til rúmra 28 prósent af hreinum eignum lífeyrissjóðanna. Til samanburðar voru erlendar eignir aðeins þrjú prósent af heildareignum í ársbyrjun 1997.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, býst við stöðugri aukningu erlendra eigna og sér það í hendi sér að á næsta áratug geti þær orðið allt að helmingur af heildareignum. Það fari þó eftir markaðsaðstæðum hverju sinni hversu mikið verður fjárfest erlendis. Samkvæmt reglum um lífeyrissjóði er þeim heimilt að eiga helming í erlendum eignum.

„Lífeyrissjóðirnir eru markvisst að auka erlend-

ar eignir og munu gera það áfram á næstu árum. Fyrir því eru ýmsar ástæður, meðal annars sú gamla og góða ástæða að það borgar sig ekki að vera með öll egginn í sömu körfunni þegar illa árar.“ Til fróðleiks bendir Hrafn á að ef lífeyrissjóðir beita gengisvörnum geti í raun og veru allar eignir verið erlendis, en slíkt sé auðvitað ekki raunhæft.

Hrafn tekur ennfremur fram að mat á erlendum eignum fari einnig eftir því hvernig krónan þróist eins og sást berlega á síðasta ári þegar erlendu eignirnar jukust verulega með lækkingu á gengi krónunnar. Erlendar eignir voru 24 prósent af heildareignum í ársbyrjun 2006 en voru komnar í 28 prósent í lok nóvember eins og áður sagði.

Aðspurður um hvar lífeyrissjóðirnir hafa verið að fjárfesta erlendis segir hann að þeir hafi fyrst og fremst fjárfest í alþjóðlegum hlutabréfasjóðum. Slíkar eignir námu 238 milljörðum í lok nóvember. „Síðan hafa menn reynt fyrir sér bæði á skuldabréfamarkaði og ekki síður í óhefðbundnum fjárfestingum á síðustu misserum, aðallega framtakssjóðum [private equity], sem hafa skilað góðri ávöxtun fram til þessa.“

Intrum til sölu?

Getgátur hafa verið á sænskum hlutabréfamarkaði að innheimtufyrirtækið Intrum Justitia, sem er með starfsemi í 22 löndum, verði yfirtekið á þessu ári.

Stærsti hluthafinn í Intrum er Landsbankinn með yfir ellefu prósent hlut en í Dagens Industri kemur fram að stærstu eigendurnir hafi einungis áhuga á því að selja bréf sín sem valdi því að félagið er í ódýrari

kantinum. Fyrir þær sakir er yfirtaka á Intrum líklegri en ella. Intrum er metið á rúma 67 milljarða króna í Kauphöllinni í Stokkhólmi og hefur hækkað um 30 prósent á einu ári.

Annar stærsti hluthafinn er svo Christer Gardell í Cevian Capital sem hefur starfað náið með íslenskum fjárfestum í Svíþjóð, svo sem í baráttunni um yfirráðin í Skandia. - eþa

Fiskverð í hæstu hæðum

Mjög hátt verð fékkst fyrir fisk á fiskmörkuðum landsins í síðustu viku eða 185,75 krónur að meðaltali fyrir kíló sem er 6,52 króna hækkun á milli vikna. Vefur Fiskifrétta segir þetta jafngilda því að aflaverðmæti síðustu viku hafi numið 294 milljónum króna.

Líkt og oft áður seldist mest af ýsu eða 660 tonn sem er 12 tonn um minna en í vikunni á undan. Slægð ýsa fór á 183

krónur á kíló sem er tæpum sex krónum meira en í fyrri vikunni. Þorskur hefur tryggt sér annað sætið yfir mest seldu tegundir á mörkuðunum. Í



heildina seldust 482 tonn og fór slægður þorskur á 275,12 krónur á kíló samanborið við 270,17 krónur í vikunni á undan.

Mun minna framboð var af öðrum tegundum. Framboð á steinbít minnkaði um 28 tonn á milli vikna og fengust 155,02 krónur fyrir kíló sem er rúmlega níu króna lækkingu á milli vikna.

Aðrar tegundir seldust minna enda nokkur samdráttur á framboði tegunda á borð við ufsa og gullkarfa á markaðnum í liðinni viku en í vikunni á undan. - jab

KARFI Mjög hátt verð fékkst fyrir fisk á fiskmörkuðum í síðustu viku. MARKAÐURINN/HARI

Handtölvur stækka

Handtölvur ehf. hafa fest kaup á Gagnatækni ehf. Með kaupunum verður til Handtölvur-Gagnatækni, sem verður vel í stakk búið að veita heildarlausnir varðandi vélbúnað, hugbúnað og þjónustu til viðskiptavina sinna.

Handtölvur hafa haft leiðandi stöðu á markaði í sölu og þjónustu á handtölvum og handtölvulausnum en Gagnatækni hefur verið sterkt á sviði prentlausna

í strikamerkjaiðnaði, skráningu upplýsinga og sölu á handskönnun og öðrum vélbúnaði fyrir verslanir svo eitthvað sé nefnt.

Jón Sævar Jónsson, framkvæmdastjóri Gagnatækni, kemur til starfa fyrir nýja félagið og kemur til með að sjá um sölu og þjónustu á lausnum beggja fyrirtækja.

Framkvæmdastjóri Handtölvu-Gagnatækni er Davíð Guðjónsson.

Íslensk auglýsing fer víða

Ímyndarauglýsing fyrir Volkswagen Passat sem Hvíta húsið og Saga film gerðu fyrir bifreiðaumboðið Heklu er nú sýnd við góðan orðstír á sjónvarpsstöðvum í Suður-Kóreu og Ungverjalandi. Útlit er fyrir að hróður íslenskrar auglýsinga gerðar berist víðar því þegar hefur komið fyrirspurn frá Taívan um afnot af auglýsingunni.

Fram kemur í tilkynningu að auglýsingin sé tekin á völdum stöðum í Reykjavík og á Nesjavöllum. Leikstjóri var Sævar Guðmundsson og Barði

Jóhannsson í Bang Gang samdi tónlist sérstaklega fyrir verkefnið. „Passat-auglýsingin barst frá litla Íslandi til milljónamarkaðanna í Suður-Kóreu (49 milljónir íbúa) og Ungverjalandi (10 milljónir íbúa) fyrir tilstilli auglýsingastofu Volkswagen í Evrópu, DDB International.“

Þá kemur fram að áætlaður sýningartími löndunum tveimur sé tveir til þrjár mánuðir en tekjurnar séu þó takmarkaðar fyrir þá sem gerðu auglýsinguna, bæði lönd séu frekar ódýrir markaðir í samanburði við Vestur-Evrópu. - óká




Á NESJAVÖLLUM Myndbrot úr auglýsingu sem nú gerir víðeist um heiminn.

**Hvaða vexti
ert þú með
á þínum
sparnaðarreikningi?**

14,05%

Allt að 14,05%* vextir á sparnaðarreikningum hjá S24

**Færð þú
betri vexti?**



Stofnaðu reikning... **www.s24.is** Sími 533 2424



*M.v. vaxtatöflu og gjaldskrá S24 21.01.2007.

Álrisi fæðist í apríl

Samkeppnisýfirvöld í Rússlandi gáfu í síðustu viku græna ljósið fyrir samruna álfyrirtækjanna Rusal, Sual og svissneska félagsins Glencore. Með samrunanum verður til umsvifamesti álrisi í heimi og veltir bandaríska álfyrirtækinu Alcoa í annað sætið yfir stærstu álfyrirtæki heims.

Markaðsvirði þessa þríhöfða álrisa nemur 23 milljörðum evra sem jafngildir tæpum 2.100 milljörðum króna. Framleiðslugetan nemur fjórum milljónum tonna á ári sem er 12 prósent af heildarframleiðslu á áli í heiminum.

Samkeppnisýfirvöld reikna

með að gatan fyrir samrunann verði greið eftir viku en gert er ráð fyrir að ferlinu ljúki í apríl.

Samkvæmt samkomulagi fyrirtækjanna þriggja mun Rusal, sem fram til þessa hefur verið þriðji umsvifamesti álframleiðandi í heimi og hefur lýst yfir áhuga á byggingu álvers á Norðurlandi, gefa út nýtt hlutafé til handa hluthöfum Sual og Glencore. Rusal mun fara með stærsta hlutinn í sameinuðu félagi, 68 prósent. Sameinað fyrirtæki verður með starfsemi víðs vegar í Rússlandi auk þess sem það starfrækir verksmiðjur víða um heim. - jab

OECD beitir sér gegn mútumálum

Ríkisstjórnir verða að standa saman gegn spillingu og mútupægni. Þetta kom fram á ráðstefnu OECD um spillingu og mútupægni í París í síðustu viku.

José Angel Gurría, aðalframkvæmdastjóri OECD, sagði á ráðstefnunni að aðildarríki stofnunarinnar yrðu að leggja mikla áherslu á stefnu sína gagnvart mútum og spillingu af hverju tagi sem til væri. Hann benti hins vegar á að hann væri þakklátur fyrir að aðildarríkin berðust af hörku gegn óhæfu sem þessari, sem sýndi fram á viðhorf þeirra til þessa mikilvæga málaflökks.



JOSÉ ANGEL GURRÍA Aðalframkvæmdastjóri OECD lagði á það áherslu á ráðstefnu stofnunarinnar í síðustu viku að aðildarríkin berðust gegn spillingu og mútupægni. MARKAÐURINN/AFP

Mál bresku samstæðunnar BAE Systems var rætt á fundinum en í því eru stjórnendur samstæðunnar sakaðir um að

hafa stofnað mútusjóð til að liðka fyrir sölu á hergögnum til stjórnvalda í Sáadí-Arabíu. Viðskiptin eru í stærri kantinum og nema verðmæti þeirra 10 milljörðum breskra punda, jafnvirði tæpra 1.400 milljarða íslenskra króna. Efnahagsbrotadeild breska ríkisins hefur haft málið til rannsóknar síðan seint á síðasta ári en niðurstaða liggur ekki fyrir í því.

Á ráðstefnu OECD kom fram að mútusjóðir sem þessir væru litnir hornauga og ættu stjórnvöld ekki að réttlæta gjörðir fyrirtækja sem leggi stund á slíkt með nokkru móti. - jab



PURRKAÐ AF BJÓRNUM Væntingar þjóðverja til heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu í fyrra voru meiri en raunin varð. MARKAÐURINN/AFP

Þýskar væntingar skutu yfir markið

Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu í Þýskalandi í fyrra stóð ekki undir þeim væntingum sem Þjóðverjar gerðu til hennar. Vöxtur landsframleiðslu var minni en vonir stóðu til auk þess sem velta einskorðaðist við þann geira sem tengdist keppninni.

Þannig jókst sala á bjór minna en gert hafði verið ráð fyrir vegna samdráttar á innanlandsmarkaði. Veðursæld síðasta sumar og heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu, sem haldin var í júní og júlí, eru undantekningar frá árinu í heild og varð til þess að sala á bjór jókst um allt að 2,7 prósent. Heimsmeistarakeppninni er hins vegar ekki að þakka alla aukninguna heldur meiri útflutningi á miðinum gyllta en fyrrí ár.

Væntingavísitölur ruku upp úr

öllu valdi og höfðu ekki mælst hærrí í fimm ár áður en blásið var til leika í fyrra enda reiknað með að landsframleiðsla ykist um allt að hálf prósent. Nýir hagvísar benda hins vegar til að uppgangurinn hafi einskorðast við þá tvo mánuði sem heimsmeistarakeppnin stóð. Hafi áhugamenn um fótbolta einokað hótél landsins og hinn almenni ferðamaður því lagt leið sína annað á tímabilinu. Velta jókst því minna en vonir stóðu til.

Öðru máli gegnir hins vegar um þann geira sem tengdist boltanum með beinum hætti en bráðabirgðatölur benda til að velta hjá framleiðendum ípróttafatnaðar hafi aukist um allt að 70 prósent á milli ára á tímabilinu sem keppnin stóð yfir. - jab

LSE styrkir varnirnar gegn Nasdaq

Breska kauphöllin í Lundúnum (LSE) býst við 180 prósentu aukningu hlutabréfaveltu á markaðnum allt fram til loka næsta árs. Enn fremur ætla kauphöllin að verja sem nemur 250 milljónum punda, sem svarar til 34,5 milljarða íslenskra króna, til kaupa á eigin bréfum með það fyrir augum að hindra hugsanlega yfirtöku bandaríska hlutabréfamarkaðarins Nasdaq á kauphöllinni.

Þetta kemur fram í tilkynningu sem stjórn kauphallarinnar sendi frá sér í síðustu viku. Markaðurinn hefur gripið til ýmissa ráðstafana til að koma í veg fyrir yfirtökuna, meðal annars með því að birta afkomutölur síðasta árs fyrr en áætlað var.

Nasdaq gerði yfirtökutilboð í bresku kauphöllina í tvígang í fyrra en stjórn LSE felldi þau jafnharðan á þeim forsendum að það endurspegladi ekki framtíðarhorfur markaðarins. Í kjölfarið hóf Nasdaq óvinveitt yfirtökuférli á kauphöllinni og fer nú með 28,75 prósent bréfa í henni.

Bandaríski markaðurinn hefur gert hluthöfum tilboð upp á 2,7



LSE Breska kauphöllin í Lundúnum ætla að hefja kaup á eigin bréfum til að verjast yfirtöku bandaríska hlutabréfamarkaðarins Nasdaq. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

milljarða punda, sem samsvarar um 370 milljörðum króna, í bréf þeirra og stendur það fram á föstudag. Ásókn í bréf LSE á síðastliðnum tveimur árum hefur valdið því að gengi þeirra hefur þrefaldast á tímabilinu. - jab

Airbus á áætlun

Afhending risapota frá Airbus er á áætlun eftir að komist var fyrir rafmagnsvandræði í vélunum.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Stjórnendur evrópsku flugvélasmiðjanna hjá Airbus greindu frá því um síðustu helgi að tekist hefði að komast fyrir vandræði í rafkerfinu í hinum nýju Airbus A380 risapotum félagsins. Um stórt skref er að ræða en vandræðin hafa orðið til þess að afhending vélanna er tveimur árum á eftir áætlun auk þess sem reikningurinn vegna þessa er gríðarhár.

Tore Prang, talsmaður Airbus, segir fyrirtækið á áætlun og munu afhenda Singapore Airlines fyrstu vélarnar í október eins og til stóð. Á meðal annarra kaupenda eru Thai Airways, Virgin og ástralska flugfélagið Qantas.

Tafirnar hafa valdið bæði Airbus og EADS, móðurfélagi flugvélasmiðjanna, miklum vandræðum. Gengi EADS fell um 30 prósent þegar greint var frá því að upphafleg dagsetning afhendingar stæðist ekki og hefur það vart jafnað sig síðan auk þess sem tveir háttsettir stjórnendur beggja félaga voru látnir taka pokann sinn vegna málsins.

Að frátöldum geysiháum kostnaði við þróun og framleiðslu vélanna hafa tafirnar, sem urðu í rafkerfi þeirra, verið Airbus dýrkeyptar. Þær eru taldar nema allt að 3,3 milljörðum breskra punda, um 454 milljörðum íslenskra króna. Gert er ráð fyrir að þessi tala muni hækka þegar fram í sækir, ekki síst ef stjórnendur flugfélaga sem keyptu



FORSTJÓRI AIRBUS Gera má ráð fyrir að Lois Gallois, forstjóri Airbus, brosi þegar fyrstu risapoturnar frá félaginu verða afhentar Singapore Airlines í haust. MARKAÐURINN/AFP

risapotur frá Airbus fara í mál við framleiðandann vegna tafanna. Sáú stjórnendur Airbus sér því ekki annað fært en að senda frá sér neikvæða afkomuvíðvörðun vegna þessa í liðinni viku.

Víst þykir að vandræðin með risapoturnar urðu til þess að fleyta flugvélaframleiðandanum Boeing, helsta keppinauti Airbus, í toppsætið yfir söluhæsta flugvélaframleiðanda í heimi á síðasta ári. Söluþulur beggja félaga fyrir síðasta ár lágu fyrir í síðustu viku og var ljóst að Boeing hafði selt 1.044 vélar í fyrra á móti 790 vélum Airbus. Var það í fyrsta sinn á öldinni sem Boeing seldi fleiri nýjar vélar en Airbus.

Netsvikarar herja á Nordea-bankann

Rússneskir netþrjútar hafa stolið jafnvirði 72 milljóna íslenskra króna af reikningum viðskiptavina sænska bankans Nordea, eins stærsta banka á Norðurlöndunum, síðan í haust í fyrra. Fjöldi manns hefur verið handtekinn vegna málsins, þar af rúmlega 100 manns sem tengjast því í Svíþjóð.

Tímaritið Business Week segir þrjúótana hafa sent viðskiptavinum bankans póst sem leit út fyrir að vera frá bankanum. Í póstinum var hlekkur og sagt að ef smelt yrði á hann myndu viðskiptavirnir hala niður þjófavörn, sem bankinn hefði komið sér upp. Í staðinn höluðu viðskiptavinirnir niður hugbúnaði, sem afritaði

lykilorð viðskiptavinnanna inn á netreikning þeirra í bankanum.

Fyrstu svikin munu hafa átt sér stað í ágúst í fyrra og hafa nú um 250 viðskiptavinir Nordea-bankans orðið fyrir barðinu á svikum af þessu tagi.

Talsmaður Nordea-bankans segir bankann hafa bætt viðskiptavinum skaðann að fullu og bendir á að sænsku lögreglunni hafi tekist að rekja slóð svika-póstsins til Rússlands og handtekið fjölda manns.

Að sögn talsmannsins eru netsvik sem þessi afar tíð og leitar bankinn allra leiða til að auka öryggi í netbankaviðskiptum. - jab



VIÐ TÖLVUNA Lars G. Nordström, forstjóri Nordea-bankans, þarf að passa vel upp á lykilorðin því netþrjútar hafa marggöft reynt að stela af reikningum viðskiptavina bankans síðan í haust. MARKAÐURINN/AFP

Líkur á frekari stýrivaxtahækkun

Nokkurrar óánægju gætti í Bretlandi þegar Englandsbanki ákvað að hækka stýrivexti um fjórðung úr prósentu í 5,25 prósent fyrir um hálfum mánuði enda höfðu flestir gert ráð fyrir óbreyttum vöxtum næsta mánuðinn eða svo. Einhugur var ekki um hækkunina innan peningamála-nefndar bankans og hefur breska fréttastofan Sky eftir Timothy Besley, einum meðlimi hennar, að svo geti farið að stýrivextir hækki frekar á næstunni.

Besley bendir á að skortur sé á vinnuafli í þjónustugeiranum í



ENGLANDBANKI Einn nefndarmanna í peningamálanefnd Englandsbanka segir líkur á frekari hækkun stýrivaxta í Bretlandi vegna aukinnar verðbólgu. MARKAÐURINN/AFP

Bretlandi og virðist fátt benda til að það ætli að lagast. Skorturinn hefur í för með sér aukinn launa-

kostnað innan geirans, sem er einn sá langstærsti í landinu, og það ýtir verðbólgunni upp á við. Hún mælist um þessar mundir þrjú prósent og hefur ekki verið hærrí í áratug í Bretlandi.

Stefna Englandsbanka, líkt og flestra seðlabanka, er að halda verðbólgu innan verðbólgu-markmiða. Markmið breska seðlabankans stendur í tveimur prósentum. Ljóst er að verðbólgan í Bretlandi er á uppleið og því gæti verið nauðsynlegt að hækka stýrivexti frekar til að koma böndum á hana, að sögn Besleys. - jab



FYRSTA HJÁLP

- við kvefi!



+ OTRIVIN NEFÚÐI

Fyrir börn og fullorðna.



+ STREPSILS HÁLSTÖFLUR

4 bragðtegundir, fæst einnig sykurlaust.



+ VECTAVIR FRUNSUKREM

Verkar á öllum stigum frunsunnar.



+ VOLTAREN DOLO

Fljótvirkt verkjalyf, verkjastillandi og hitalækkandi.



Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Búðarförður - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrúkur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhófn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

 **LYFJA**
- Lífið heil

Vectavir krem er áhrifarikt lyf til meðferðar á frunsa af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreyfslu, kvef eða influensu eða í mikilli sóli (t.d. á skiðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvíri, famciklóvíri eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smíttími stytta. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Otrivin nefúðinn og nefdroparnir innihalda xylometasólín sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xylometasólíni ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Strepsils töflur eru látnar renna í munn og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munn og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látn leysast hægt upp í munn á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislik viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsgötföflur, sem eru í hentugum þynnupakkingum. Hverri pakkingu fylgja viðræddar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Voltaren Dolo® (diklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannþínu og tíðþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylsalísýru, íbuprofén eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungli meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafraeðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Google ýtir undir bókalestur á netinu

Bandaríska netleitarfyrirtækið Google er sagt vera að leggja lokahönd á nýja þjónustu sem gerir netverjum kleift að hala niður heilum bókum af netinu og lesa ýmist í tölvum eða á öflugri gerðum farsíma á borð við BlackBerry.

Von forsvarsmanna Google er sú að netverjar geti nýtt þjónustuna til að leita ritverka á bókasöfnum með rafræna skráningu bóka á söfnum um allan heim.

Google ætlaði að ýta þjónustu sem þessari úr vör fyrir um tveimur árum en varð að draga í land í kjölfar harðrar gagnrýni frá hendi bókavarda, rithöfunda



MERKI GOOGLE Google ætlar að blása nýju lífi í áætlanir sínar um niðurhal á bókum á netinu.

og fleiri, sem töldu fyrirtækið brjóta á höfundarrétti.

Að sögn Google er horft til þess að netverjar geti leitað ritverka á netinu og lesið sýnishorn

úr þeim áður en heilu bókunum er halað niður.

Jens Redmer, framkvæmdastjóri bókaletarþjónustu Google í Evrópu, bendir á að ýmiss konar þjónusta verði í boði og muni netverjar geta valið um að leigja bækur til skamms tíma eða kaupa heilu ritverkin sem þeir geti lesið á tölvuskjánum.

Vefritið Cnet bendir hins vegar á að enn sé langt í land að Google geti ýtt verkefninu úr vör. Rafrænar bækur á netinu hafi langt í frá slegið í gegn og muni það velta á lesendunum sjálfum hvort Google hafi hitt á gullæð á netinu. - jab

Sony gegn klámi

Japanska hátæknifyrirtækið Sony mun ekki á nokkurn hátt veita þeim fyrirtækjum sem framleiða klámmyndir hjálparhönd við að gefa myndefni sitt út á Blu-ray mynddiskum. Sony ætlar hins vegar ekki að standa í vegi fyrir því að fyrirtækin gefi myndir af þessum toga út á diskunum, sem hafa verið nefndir næsta kynslóð í mynddiskatækni ásamt HD DVD-diskum.

Fjölmíðlar í Bandaríkjunum benda á að Sony hafi gripið til svipaðra ráða undir lok sjöunda áratugar síðustu aldar þegar fyrir-

tækið neitaði að gefa fyrirtækjum í klámiðnaðinum leyfi til að nota Betamax-myndbandatæknina. Ákvörðun sem þessi getur verið varasöm, að mati vefmiðilsins Playful.com sem reifar afdrif Betamax-tækninnar í baráttunni við VHS-myndbandatæknina. Þeir sem eru um miðjan aldur muna vel eftir baráttunni en í sem stystu máli heyrir fyrrnefnda tæknin sögunni til þrátt fyrir meiri gæði en VHS-tæknin. Geti andstaða Sony orðið til þess að Blu-ray-tæknin verði undir í baráttunni við önnur tæknifyrirtæki, sem einblína á



BLU-RAY OG HD DVD Tæknifyrirtækið Sony er mótfallið því að klámiðnaðurinn gefi út mynddiska á Blu-ray staðli.

MARKAÐURINN/AP

HD DVD. Bandaríska fyrirtækið Vivid Video ætlar þrátt fyrir þetta að ráðast í útgáfu á nýjustu mynd sinni á báðum gerðum háskerpu-diskanna í vor. Þar er um að ræða framhaldsmýnd kvikmyndarinnar Debbie Does Dallas sem kom út árið 1978. - jab



TÖLVA MEÐ UPPSETTU STÝRIKERFI Sérfræðingar mæla með því að þeir sem eigi gamlar tölvur kaupri sér nýjar eftir að nýjasta stýrikerfið frá Microsoft verður komið á markað. Þannig losni þeir við hausverkinn sem getur fylgt því að setja hugbúnað sjálfir upp.

MARKAÐURINN/AP

Biðin styttest í Windows Vista

Menn bíða spenntir eftir því að almenningsútgáfa Windows Vista komi út um mánaðamótin.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Windows Vista, nýjasta stýrikerfi Microsoft, fyrir einstaklinga og heimili kemur á markað á heimsvísu undir lok þessa mánaðar. Samhliða því kemur á markað hugbúnaðarvöndlinn Microsoft Office 2007. Um stórt skref er að ræða, bæði fyrir tölvueigendur og Microsoft enda tæp sex ár síðan Windows XP, síðasta stýrikerfi fyrirtækisins, leit dagsins ljós.

Tölvuspekúlar hafa allt frá því um mitt síðasta ár velt vöngum yfir því hvað nýja stýrikerfið þýði fyrir hinn almenna tölvueiganda. Nokkrir þeirra segja í samtali við bandaríska dagblaðið USA Today í vikunni að nýja stýrikerfið sé mun stærra í sniðum en forveri þess, sem þýði að tölvueigendur margir hverjir verði að endurnýja tölvukost sinn til að keyra stýrikerfið að einhverju gagni. Sérfræðingar í tölvumálum hafa allt frá því helstu upplýsingar um stýrikerfið lágu fyrir í fyrra bent á þann mismun sem fólgin er í þeim lágmarksbúnaði sem Microsoft mælir með. Þannig segja þeir að nauðsynlegt verði að hafa að

minnsta kosti 512 MB vinnsluminni fyrir grunnútgáfuna af Vista en allt upp undir 1 GB fyrir stærstu útgáfuna. Þá er stærð stýrikerfisins slík að nauðsynlegt er að hafa allt upp undir 15 GB laust pláss á harða diskunum til að keyra stýrikerfið upp.

Sérfræðingarnir eru á einu máli um að tölvueigendur sem hyggjast festa kaup á stýrikerfinu skuli sitja sem fastast og leggjast undir feld. Innsetning á kerfinu geti tekið allt frá 25 mínútum og upp í nokkrar klukkustundir, allt eftir því hvers öflug tölvun er. Gamla tölvur geti því orðið ansi lengi að keyra stýrikerfið upp.

Aðrir sérfræðingar í tölvumálum sem USA Today ræddi við benda hins vegar á að besta ráðið sé að bíða með tölvukaup þar til nýja stýrikerfið verði komið á markað. Windows Vista muni fylgja með í kaupum á flestum gerðum nýrra tölva og þannig losni tölvunotendur við höfuðverkinn sem fylgi því að setja upp nýjan hugbúnað. Það eina sem þeir þurfi hins vegar að fylgjast með sé hvaða útgáfa af þeim sex af Windows Vista sem koma á markað fylgi með í kaupunum á nýrri tölvu.

Indverjar fagna lendingu

Indverska geimfarið SRE-1 lenti heilu og höldnu í Bengalflóa á mánudagsmorgun. Með lendingunni er spor markað í sögu geimvísindasögunnar enda geimfarinu ætlað að leggja grunninn að mönnum geimskotum Indverja í framtíðinni.

Geimfarinu, sem var ómannað og einungis rúmt hálf tonn að þyngd, var skotið á loft 10. janúar síðastliðinn frá Satish Dhawan-geimstöð Indverja í Sriharikota í suðurhluta landsins. Geimfarið flutti fjögur gervitungl út í geim frá jafn mörgum löndum og var á sporbraut um jörð í 11 daga áður en það sneri heim á ný.

Með geimskotinu var tækifæri nýtt til að prófa stýrikerfi flaugarinnar og framkvæma ýmsar tilraunir í þyngdarleysi í geimnum. Þá voru gerðar prófanir á geimfarinu er það kom aftur inn fyrir gufuhvolf jarðar en stefna Indverja mun vera að koma mönnum geimfari á loft á næstu árum, að sögn talsmanns geimvísindastofnunarinnar indversku.



GEIMFLAUGINN SKOTIÐ Á LOFT Geimfar frá Indlandi lenti í Bengalflóa á mánudagsmorgun. Því er ætlað að leggja grunninn að mönnum geimferðum Indverja í framtíðinni.

MARKAÐURINN/AP

Sjónvarpsstöðvar á Indlandi sýndu beint frá því þegar þyrlur á vegum indverska hersins flugu áleiðis að lendingarstað geimfarsins suður í Bengalflóa til að ná í það á mánudag og flytja að geimstöðinni. - jab

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR

Ávaxtaðu betur - í þeirri mynt sem þér hentar

ávöxtun í evrum 4.0%*
ávöxtun í dollurum 6.2%*
ávöxtun í krónum 13.8%*
ávöxtun í pundum 4.6%*

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings í ISK, USD, EUR og GBP.

Hafðu samband við ráðgjafa í síma 444 7000.

*Nafnávöxtun í ISK, EUR, USD og GBP á ársgrundvelli fyrir tímabilið 30/11/06-29/12/06.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rými fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðsýsingu eða útdrætti úr útboðsýsingu sjóðsins í útbúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.

KAUPÞING

Þegar mest á reynir...

Hünnebeck steypumót eru sterk og áreiðanleg mót frá einum fremsta framleiðanda steypumóta í heimi.

Aseta selur bæði og leigir út steypumót, undirsláttarefni og byggingarkrana.

HÜNNEBECK

– þegar mest á reynir

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is

Frá Líma til Óslóar

Við skráningu Copeinca í Kauphöllina í Ósló leggur Glitnir lokahönd á það einstaka verk að tengja saman suður-amerískt sjávarútvegsfélag og norður-evrópska fjárfesta og styrkir þar með stöðu bankans sem leiðandi sjávarútvegsbanka á heimsvísu. Sagan á bak við Copeinca er ekki síður athyglisverð eins og *Eggert Þór Aðalsteinsson* komst að raun um.

Amánudaginn kemur verður Corporacion Pesquera Inca eða Copeinca, fjórði stærsti fiskimjols- og lýsisframleiðandinn í Perú, skráð í Kauphöllina í Ósló. Skráningin fer fram í gegnum Glitni Securities, dótturfélag Glitnis í Noregi, sem í samvinnu við fyrirtækjaráðgjöf bankans í Lundúnum og sjávarútvegsteymi bankans í Reykjavík annaðist sölu á nýju hlutafé fyrir sjö milljarða króna sem fór til norskra og alþjóðlegra fjárfesta í desember. „Við teljum að þetta félag hafi mikla vaxtarmögu-leika,“ segir Jón Garðar Guðmundsson, forstöðumaður á fjárfestingasviði Glitnis.

Sagan á bak við þetta verkefni er einnig skemmtilegt dæmi um hvernig persónuleg samskipti og tilviljanir geta orðið að stórum viðskiptum.

UPPHAFIÐ Í BUENOS AIRES

Það var fyrir rúmum tveimur árum sem Jón Garðar kynntist fyrst stjórnendum Copeinca, en bankinn stóð þá fyrir kvöldverði á alþjóðlegri fiskimjolsráðstefnu í Buenos Aires í Argentínu. Í framhaldinu, í árslok 2005, hélt hópur frá Glitni í ferðalag til Chile þar sem ákveðið var að stoppa í hálfan dag í Perú til að skoða starfsemi Copeinca. Þá spillti heldur ekki fyrir fyrstu kynnum og áframhaldandi samskiptum að hinn spænskumælandi Jón Garðar og Wilfredo Caceres, stjórnarformaður Copeinca, eru báðir með MBA-gráðu frá IESE í Barcelona.

Jón Garðar segir að starfsmönnum Glitnis hafi strax litist vel á Copeinca sem fyrirtæki og á stjórnendur félagsins. Fyrirtækið rekur stóran uppsjávarfiskiflota og nokkrar verksmiðjur en Perú er stærsti framleiðandi og útflytjandi fiskimjols og lýsis í heiminum. „Við sáum að þrátt fyrir að Copeinca væri fjölskyldufyrirtæki í Perú lægi þarna mikill metnaður til stærri hluta, fyrirtækið er í frábærum geira og stjórnendur félagsins eru afar öflugir með skýra framtíðarsýn. Við vildum styðja þá og leggja okkar af mörkum til þess að þeir næðu settum takmörkum.“

Vilji stjórnenda Copeinca var líka skýr: Þeir vildu fá Glitni, með sína sérfræðikunnáttu og fjárfestasambönd, í lið með sér til að fá inn nýtt eigið fé án þess að gefa frá sér stjórnartaumana eða skuldsetja félagið um of. Starfsmenn Glitnis á Íslandi, í Noregi og Bretlandi settust á rökstóla og komust að þeirri niðurstöðu að skráning í Kauphöllina í Ósló væri hentugur kostur að undangengnu hlutafjárútbóði. Þar sem hópur fjárfesta, sem hefur áhuga á að eignast minnihluta hlutafjár í óskráðu fyrirtæki, er takmarkaður var ákveðið að skrá bréf Copeinca í kauphöll þannig að nýir hluthafar ættu þess kost að selja bréf sín á markaði, ef þeir vildu.

Þetta var langt og flókið ferli sem hófst í janúar árið 2006. Farið var í gegnum áreiðanleikakönnun og ýmsa aðra forvinnu áður en hægt var að bjóða fjárfestum hlutabréf til kaups. Ýmis ljón voru í veginum, til dæmis hvernig ætti að meðhöndla reikninga Copeinca, en fá fyrirtæki í Perú gera upp eftir alþjóðlegum reikniskilavenjum (IRFS). En allt small þetta saman og tímasetningar í kringum hlutafjárútbóðið og skráninguna gengu fullkomlega upp.



JÓN GARÐAR GUÐMUNDSSON, FORSTÖÐUMAÐUR Á FYRIRTÆKJASVIÐI GLITNIS, OG GLENN KRISTIANSEN, FORSTÖÐUMAÐUR FYRIRTÆKJARÁÐGJAFAR GLITNIS SECURITIES Í NOREGI „Við sáum að þrátt fyrir að Copeinca væri fjölskyldufyrirtæki í Perú lægi þarna mikill metnaður til stærri hluta, fyrirtækið er í frábærum geira og stjórnendur félagsins eru afar öflugir með skýra framtíðarsýn. Við vildum styðja þá og leggja okkar af mörkum til þess að þeir næðu markmiðum sínum.“

MARKAÐURINN/ANTON BRINK

MARKAÐSADSTÆÐUR HAGSTÆÐAR

Glenn Kristiansen, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Glitnis Securities í Noregi, segir að fjárfestar í sjávarútvegi líti á perúskt sjávarútvegsfyrirtæki sem áhættumeiri kost en fyrirtæki á sama sviði í Chile eða Noregi þar sem allt viðskiptaumhverfið standi á fastari stöðum. Öll teikn benda þó til þess að Perú sé farið að njóta meira trausts alþjóðlegra fjárfesta, en verulega hefur dregið úr metinni landsáhættu Perú frá byrjun aldarinnar. Stjórnendur skipta einnig sköpum við áhættumat fyrirtækja. Forsvarsmenn Glitnis hafa miklar mætur á Samuel Dyer Coriat, forstjóra Copeinca, sem er mikils metinn í perúsku viðskiptalífi. Samuel er sonur stofnanda Copeinca og hóf sjálfur að vinna á gólfinu í fiskimjolsverksmiðjunni. „Þetta er ungur og öflugur stjórnandi sem hefur afar skýra mynd um hvert stefna skuli,“ segir Glenn. Forsvarsmenn Glitnis eru ekki síður hrifnir af því hversu meðvitaðir stjórnendur Copeinca eru um samfélagslega ábyrgð fyrirtækisins þótt félagið hafi verið í einkaeigu. Til að mynda birtir Copeinca á hverju ári þykka skýrslu þar sem meðal annars er fjallað um starfshætti stjórnar og stefnu fyrirtækisins í umhverfismálum.

Fyrir utan stjórnunarþáttinn nefna þeir

Jón Garðar og Glenn nokkra þætti sem gera Copeinca að áhugaverðu fyrirtæki. Copeinca flytur út allar sínar afurðir, einkum til Kína og Evrópu, og starfar á markaði sem Glitnir hefur sérþekkingu á. Markaðsaðstæður eru einnig afar hagstæðar fyrir skráningu um þessar mundir: Því er spáð að fiskimjolsverð verði áfram í hæstu hæðum og mikill áhugi er fyrir nýjum félögum við þær aðstæður sem nú ríkja á norska hlutabréfamarkaðnum.

VEÐJAD Á KVÓTAKERFI

Fyrir skömmu var norska útgerðarfélagið Austevoll Seafood skráð í Ósló en félagið er að stórum hluta með sömu starfsemi og Copeinca. Skyndilega var hægt að bera Copeinca saman við sambærilegt fyrirtæki á markaði. Austevoll hlaut góðar viðtökur og fór inn á markað á hærri verðkennitölum en Copeinca mun fara sem er skiljanlegt í ljósi þess að annað félagið er norskt en hitt erlent, auk þess sem starfsemi Austevoll er dreifð yfir þrjú lönd. „Markaðurinn er á miklu flugi og Austevoll er til að mynda búið að hækka um fimmtung frá skráningu,“ bendir Glenn á. „Við erum þess fullvissir að þetta ferli reynist ekki aðeins Copeinca vel heldur einnig þeim fjárfestum sem tóku þátt í útböðinu.“

Copeinca velti 6,5 milljörðum króna á síðasta ári og var metið á um 11 milljarða króna, fyrir útbóði. Stjórnendur Copeinca reikna með að rekstarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði um 2,5 milljarðar króna á þessu ári og EBITDA-hlutfall hvorki meira né minna en 40 prósent af tekjum.

Glenn segir að Copeinca sé ákjósanlegur kostur fyrir marga fjárfesta, til dæmis þá sem hafa auðgast gríðarlega á uppgangi fiskeldisins í Noregi á undanföllum mánuðum og vilja dreifa áhættu með því að koma inn í fiskimjols- og lýsisframleiðslu en framleiðsla Copeinca fer ekki til manneiddis. Hann bendir einnig á að þetta sé gott tækifæri fyrir þá sem vilja bæta við sig fleiri stöðum í framleiðslu sjávarafurða. „Einnig felast gríðarleg tækifæri í því að Perú taki upp kvótakerfi eins og á Íslandi, í Noregi og Chile. Þeir hafa enn þá sóknarkerfi byggt á veiðileyfum en munu einhvern tíma taka upp kvótakerfi. Reynslan sýnir að eftir að tekið var upp kvótakerfi í Chile jókst verðmæti útgerðarfyrirtækja allt að þrefalt.“

RÓS Í HNAPPAGATIÐ

Jón Garðar segir að Glitnir hafi lagt mikið í sölnarar við að byggja upp fyrirtækjasvið er geti tekist á við verkefni í sjávarútvegi um allan heim. „Við höfum mikla trú á þeirri alþjóðlegu stefnu sem við fylgjum í sjávarútvegs málum og fjárfest mikið til að gera hana að veruleika. Til dæmis höfum við varið tveimur til þremur árum í Suður-Ameríku án þess að búast við því að skrifa undir marga samninga. Árangurinn hefur reyndar verið framar vonum. Ef þú ætlar þér að starfa í alþjóðlegum sjávarútvegi þá er ekki hægt að horfa fram hjá Suður-Ameríku, einkum Chile og Perú.“

Bankinn hefur skilgreint sig sem fjármálafyrirtæki með heimamarkað á Íslandi og í Noregi. Þar sem Kauphöllin í Ósló er orðin leiðandi kauphöll í sjávarútvegi, nokkuð sem að var stefnt hér á landi fyrir fimm árum, er hægt að tengja verkefni á borð við Copeinca við þann markað. Copeinca er fyrsta útgerðarfélagið sem Glitnir skráir á erlenda hlutabréfamarkað en bankinn hefur áður komið að mörgum fjármögnunarverkefnum fyrir sjávarútvegsfélög. Forsvarsmenn Glitnis telja að þetta verkefni undirstriki stöðu bankans sem leiðandi sjávarútvegsbanka á heimsvísu: Það er einstakur viðburður að tengja saman öflugt suður-amerískt sjávarútvegsfélag og norður-evrópska fjárfesta. Þeir eru einnig bjartsýnir að þessi skráning opni leiðir að sviðuðum verkefnum fyrir önnur sjávarútvegsfyrirtæki.

„Þetta er mikilvægt verkefni fyrir Glitni, en fyrir viðskiptavininn er það auðvitað enn stærra mál að safna þetta miklum peningum. Stærsta fjármögnun sem Copeinca hafði áður fengið var 2,1 milljarðs króna lán árið 2005. En þetta var einnig stórt verkefni fyrir Glitni, að nýta starfsstöðvar bankans í Lundúnum, Reykjavík og Ósló til að vinna að verki á borð við þetta og landa því,“ segir Glenn og bætir við að lokum: „En þegar allt kemur til alls þá er það kraftur, hugmyndaauði og samvinna starfsfólks bankans á mismunandi mörkuðum sem býr til viðskipti sem þessi.“

Miðlaðu á **markvissan** hátt með **Netvision**




NETVISION

mentis HUGBÚNAÐUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
í 30 daga á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner



> Saman náum við árangri – um allan heim

Hjá Samskipum fara saman kraftur og sóknarhugur nýrrar kynslóðar og ómetanleg áratuga reynsla. Við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum áreiðanlegar heildarlausnir á sviði flutninga um allan heim og höfum byggt upp samhentan hóp og traust flutningakerfi sem tryggja skjóta og örugga þjónustu jafnt innanlands sem utan.

Skrifstofur Samskipa: Bandaríkin, Belgía, Brasilía, Danmörk, England, Eistland, Færeyjar, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kína, Lettland, Litháen, Noregur, Rússland, Skotland, Spánn, Suður-Kórea, Svíþjóð, Úkraína, Víetnam, Þýskaland. **Umboðsmenn:** Finnland, Portúgal.

samskip
SAMAN NÁUM VIÐ ÁRANGRI

FRAMKVÆMDIR Í SKUGGA SEDLABANKANS Seðlabanki Íslands hefur róðið að því að kæla hér hagkerfið með það fyrir augum að ná tökum á verðbólgu. Háir stýrivextir bankans skila sér út í vaxtaróf bankanna þannig að skórin kreppir að hjá hluta skuldara í það minnsta. Með því á að draga úr útgjaldagæði og létta á verðbólguþrýstingi. Rétt eins og kuldaboli bitur hér að ofan eru stýrivextir bankans teknir að bíta, en áhrif stýrivaxtanna á gengi krónunnar er líka mikilvægt, því sterkari gjaldmiðill gerir innflutning hagkvæmari og ættilt að leiða til lægra vöruverðs.

MARKAÐURINN/GVA



Spárnar ganga allar út á að þessi lækkun á verðbólgunni sé tímabundin og hún er að verulegu leyti til komin vegna þeirra breytinga sem standa fyrir dyrum á virðisaukaskatti ... Við erum enn með töluverða þenslu í hagkerfinu og umframeftirspurn á ýmsum sviðum. ... Þrýstingurinn er áfram til staðar og það kallar á áframhaldandi verðbólgu eigi þessi aukaáhrif að hverfa."

Stýrivextir bíta í smákólnand

Aðstæður í alþjóðahagkerfinu eru sagðar hagfelldari en í byrjun síðasta árs og ýtir það undir bjartsýni um líkur eru þá á taugaveiklunarviðbrögðum erlendra fjárfesta þrátt fyrir neikvæðar fréttir. Óli Kristján Ármannsson umhverfi þar sem sérfræðingar spá tímabundinni lækkun verðbólgu á þessu ári. Enn munu nokkrar blikur taka stýrivextir Seðlabankans að bíta fyrir alvöru og spáir sérfræðingur Landsbankans því að almenningur í erlendri mynt líkt og fyrirtæki hafa mörg hver gert.

Almennt virðast sérfræðingar í efnahagsmálum sammála um að heldur bjartara sé yfir þegar litið er til nánustu framtíðar. Útlit er fyrir nokkurs konar snertilendingu í hagkerfinu, verðbólga fari niður í vikmörk Seðlabankans á þessu ári og heldur hægist um, en þó minna en áður hefur verið spáð. Á næsta ári taki svo við dálítið verðbólguþrýstingur á ný sem standi þó ekki lengi yfir. Krónan er sögð nálægt jafnvægisgengi sínu og þótt hún sveiflist vegna ytri þátta komi ekki til afgerandi breytinga á gengi hennar og hún leiti jafnvægis á ný. Óvissa í spám tengist þó einna helst krónunni og stóriðjuframkvæmdum hér.

Greiningardeildir bankanna þriggja hafa allar nýverið fjallað ítarlega um þróun efnahagsmála, sem og reyndar efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins sem í byrjun síðustu viku sendi frá sér endurskoðaða þjóðhagsspá. Allir eru þessir sérfræðingar samstíga í að spá verðbólgu niður fyrir vikmörk Seðlabankans á þessu ári þótt reyndar muni aðeins á spá um hver verði meðalverðbólga á árinu. Eins eru menn samstíga í því að spá því að verðbólga taki að síga upp á við á ný á næsta ári og telja því líklegt að stýrivextir Seðlabankans lækki hægar en ráð var fyrir gert. Í spá fjármálaráðuneytisins er engu að síður sleginn varnagli við væntingar um lækkunarferli stýrivaxta Seðlabankans

síðar á þessu ári. „Frekari gengislækkun gæti raskað því mati. Þó ber að hafa í huga að styrking á gjalddeyrisforða Seðlabankans um rúmlega 90 milljarða króna eykur trúverðuleika gjaldmiðilsins út á við. Mikill vaxtamunur milli Íslands og annarra landa hefur leitt til þess að útgáfa erlendra aðila á krónubréfum hefur haldið áfram á nýju ári,“ segir í endurskoðaðri þjóðhagsspá. Er í þessu sambandi skemmt að minnast stærstu krónubréfaútgáfunnar sem fram hefur farið til þessa, 40 milljarða króna sem Rabobank gaf út um miðjan mánuðinn.

VERÐBÓLGUPRÝSTINGUR ER UNDIRLIGGJANDI

Krónubréfaútgáfan felur þó einnig í sér aðrar vísbendingar, því til þess að gefin verði út skuldabréf í krónum þarf einhver hér innanlands að vilja fá þessar krónur að láni. Mikil krónubréfaútgáfa er því vísbending um að enn sé töluverður hiti í hagkerfinu hér og kann það að letja Seðlabankann í að lækka stýrivexti. Mikill vaxtamunur við útlönd eykur svo enn áhuga erlendra fjárfesta á að ávaxta pund sitt í krónubréfum.

Greiningardeild Glitnis gerir ráð fyrir því að Seðlabankinn lækki stýrivexti í maí, en segir um leið óvissuþætti til hækunar stýrivaxtaspárinnar helst vera áframhaldandi stóriðjuuppbyggingu og framhald á ójafnvægi sem einkennt hafi þjóðarbúið. „Verði

ákveðið í vor að stækka álverið í Straumsvík mun það líklega letja Seðlabankann til mikillar vaxtalækkunar á þessu ári vegna aukinnar hættu á nýju þensluskeiði strax á næsta ári. Svipuð áhrif hefur ef hagþörlur benda til að aukni aðhald peningastefnunnar undanfarið skili sér seint og illa í minni verðbólguþrýstingi,“ segir í greiningu bankans frá því í byrjun árs. Í nýrri efnahagsspá Kaupþings er einnig gert ráð fyrir því að Seðlabankinn taki að lækka vexti á öðrum ársfjórðungi og er þá væntanlega vísað til vaxtaákvörðunardagsins í maí. Kaupþing gerir engu að síður í spá sinni ráð fyrir að ráðist verði í stækkun álversins í Straumsvík. Landsbankinn gerir hins vegar ekki ráð fyrir að Seðlabankinn taki að lækka vexti fyrr en á þriðja ársfjórðungi, á fundi sínum 5. júlí.

„Spárnar ganga allar út á að þessi lækkun á verðbólgunni sé tímabundin og hún er að verulegu leyti til komin vegna þeirra breytinga sem standa fyrir dyrum á virðisaukaskatti,“ segir Björn Rúnar Guðmundsson, sérfræðingur greiningardeildar Landsbankans. Hann segir ljóst að virðisaukaskattslækkunin í mars útrými ekki undirliggjandi verðbólguþrýstingi. „Við erum enn með töluverða þenslu í hagkerfinu og umframeftirspurn á ýmsum sviðum. Vinnumarkaðurinn er tiltölulega spennur og þótt byggingageirinn sé ekki á jafnmikilli ferð og í fyrra þá er hann ekki farinn að hægja mjög mikið á



Kælitækni



Okkar þekking nýtist þér..

Sérhannaðar lausnir fyrir sjávarútveginn! www.kaelitaenki.is S. 440-1800

[SÉRBLAÐ UM ÍSLENSKAN SJÁVARÚTVEG – MIÐVIKUDAGUR 24. JANÚAR 2007]

Sjávarútvegur



EFNISYFIRLIT



EKKI HÆGT AÐ BERA SAMAN FISK OG FISK
Framkvæmdastjóri Fylgifiska segir fisk ekki dýran á Íslandi

BLS. 2

Á GRÆNU VIKUNNI
Sjávarútvegsráðherra ræddi stöðu matvælagreina, heilbrigði afurða og samkeppnismál í Berlín

BLS. 4



MISMUNUN SKIPA SKORTI LAGASTOÐ
Niðurstaða rannsókna á fiskveiðistjórnunarreglum

BLS. 6

SAMIÐ UM SÍLDINA
Íslendingar og Norðmenn hafa náð saman um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

BLS. 7



Uppselt fyrir vestan

„Starfsmenn Lýsingar unnu hratt og örugglega úr umsókn okkar um fjármögnun vegna bátaútgærdar til sjóstangaveiða fyrir þýska ferðamenn á Vestfjörðum. Á síðasta ári gerðum við út 11 báta en næsta sumar verða þeir 21 á sjó.“

Finnur Jónsson, Próton ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir



LÝSING.IS // 540 1500

Nýir og notaðir Lyftarar



Jungheinrich EFG 25SP
Rafmagnslyftari – 2500kg
Árgerð: 2003
Vinnust. 0
Verð kr. 1.880.000 + vsk



Yale ERP18
3ja-hjóla rafmagnslyftari
1800kg - nýr rafgeymir
Árgerð: 1997 Vinnust: 2900
Verð kr. 750.000 + vsk



Komatsu FB18M-2R
Rafmagnslyftari
1800kg
Nýr
Verð Kr. 1.680.000 + vsk



Komatsu FD25T-16R
Dísel lyftari
2500kg - Með húsi
Nýr
Verð Kr.1.980.000 + vsk.



Hyster H3.0XM
Árgerð: 1998
Vinanaust: 9200
Verð Kr. 650.000.- + vsk



Manitou MT932
Skotbómulyftari
Árgerð: 2000
Vinnust: 4025
Verð kr. 2.800.000 + vsk

VÉLAR:ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík
Sími 5 800 200 www.velar.is



Guðbjörg Glóð Logadóttir, framkvæmdastjóri Fylgífiska, segir margar litlar hugmyndir hafa orðið að einni stóri við stofnun fyrirtækisins.

Ekki hægt að bera saman fisk og fisk

Framkvæmdastjóri Fylgífiska segir Íslendinga meðvitaðri um mataræði en áður. Hún þvertur fyrir að fiskur sé sérstaklega dýr hér á landi og bendir á að Íslendingar berjist um fisk á alþjóðlegum markaði.

Fylgífiskar er sérværslun með sjávarafurðir, stofnuð árið 2002 af Guðbjörgu Glóð Logadóttur og fjölskyldu. Guðbjörg er, auk þess að vera einn eigenda, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Við erum fjórir starfandi eigendur, og síðan fimm til viðbótar sem eiga smærri hlut.“

Fylgífiskar eru sannkallað fjölskyldufyrirtæki; Guðbjörg er stærsti eigandinn en auk hennar eiga bróðir hennar, Gunnar Logason, og faðir, Logi Þormóðsson, hlut í Fylgífiskum. Sveinn Kjartansson matreiðslumeistari er fjórði kjölfestueigandinn. Hjá Fylgífiskum starfa tólf manns.

Fylgífiskar eiga sér ekki nákvæma fyrirmynd heldur hefur Guðbjörg víðað að sér hugmyndum héðan og þaðan úr matvælageiranum yfir árin. „Konseptið er einhvers konar blanda af mínum þælingum og því sem ég hef séð annars staðar. Það er engin ein fyrirmynd að búðinni.“

BETRA MATARÆÐI EN ÁÐUR
Í Fylgífiskum er hægt að fá heitan mat í hádeginu, en stærstur hluti sölunnar er þó á hálfþilbúnum fiskréttum, sem fólk tekur með sér heim og eldar. „Við erum ekki fisk-

vinnsla í hefðbundnum skilningi. Við flökum ekkert að ráði, heldur erum frekar að skera í bita og krydda. Niútiú og fimm prósent af því sem við seljum eru hálfþilbúnir fiskréttir úr borðinu.“

Guðbjörg segir meiri markað fyrir hollustufæði í dag en áður. Íslendingar séu mun meðvitaðri um hvað þeir láti ofan í sig. Mataræði sé auk þess fjölbreyttara „Fólki liður betur ef það borðar fisk. Það endist lengur og upplifir engin „þyngsli“, svo ég vitni nú beint í viðskiptavinum okkar.“

Enga eina skýringu er að finna á aukinni ásókn í heilsusamlegan mat að mati Guðbjargar. Hin stærsta sé þó ef til vill sú að fólk geri sér betur grein fyrir mikilvægi þess að borða hollan mat og telji aukna vellíðan fylgja hollu mataræði. „Við getum ekki lengur leyft okkur að borða þungan mat í öll mál. Fólk vinnur ekki eins erfiða vinnu og áður, og brennir minna. Við þurfum að spá í hvað við borðum, nema við viljum hreinlega taka afleiðingunum.“

EKKI HEIMSYFIRRÁÐ EDA DAUÐI
Fylgífiskar reka nú tvo staði; upphaflegu verslunina við Suðurlandsbraut auk smærri útibús á

Skólavörðustíg. Þá stendur til að opna sjávarréttabær í Flugstöð Leifs Eiríkssonar nú á vormánuðum. Guðbjörg segir hugmyndina að þeim stað ólíka þeirri sem varð kveikjan að Fylgífiskum. „Þetta er sjávarréttabær að erlendri fyrirmynd. Við verðum með sushi, alls konar reyktan fisk, sjávarréttasalöt og heit brauð. Bæði verður hægt að borða á staðnum eða hreinlega taka fisk með sér um borð í vélarnar.“

Fylgífiskar fagna á þessu ári fimm ára afmæli. Aðspurð segir Guðbjörg að ekkert hafi verið ákveðið um að opna útibú erlendis. Hún útilokar þó ekkert. „Hugmyndin að Fylgífiskum er rosalega stór og það er allt í lagi að vera meðvitaður um hvað mann langar til að gera. Hins vegar hefur stefnan aldrei verið heimsyfírráð eða dauði. Sígandi lukka er best og það hefur reynst okkur vel að taka eitt skref í einu.“

Guðbjörg þvertur fyrir að fiskur sé sérstaklega dýr á Íslandi. Fólk geri sér almennt ekki grein fyrir því að fiskur sé keyptur á alþjóðamarkaði og því sveiflist verði í takt við þá staðreynd. „Við erum alltaf að keppa við allan heiminn

þegar við kaupum fisk. Það eina sem við losnum við er flutningskostnaðurinn.“

Fiskur kann að hafa verið ódýr hér áður fyrr en Guðbjörg telur ólíklegt að svo verði aftur í náinni framtíð. Fiskur verði aldrei aftur gefins á Íslandi. „Þetta er kvótasett vara og takmörkuð auðlind. Ef þú ætlar að fá gott hráefni og veist að hverju þú leitar þá er góður fiskur aldrei ókeypis.“

Guðbjörg segir fisk heldur ekki dýrari hér á landi en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Munurinn liggir í því að víða erlendis sé litlið á fisk sem munaðarvöru. Einnig sé mikilvægt að hafa í huga að margar misdýrar tegundir séu til af fiski, auk þess sem ekki er sama hvernig hann er veiddur. „Eins og einn félagi minn sagði þá er ekki hægt að bera saman fisk og fisk. Þú getur bæði farið til Akureyrar á gömlum Skoda eða nýjum Porsche. Í báðum tilfellum kemstu líklega á leiðarenda, hins vegar er ekki hægt að bera þessa tvo bíla saman. Mér finnst þessi umræða um að fiskur sé dýr svolítið ósanngjörn. Það er ekki alltaf verið að bera saman sömu vöruna,“ segir Guðbjörg Glóð Logadóttir.

Skipaþjónusta

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

A góðum járnnum



HÉÐINN

Stórárs 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



Skoðið málið vel!

Skipaskoðun Íslands ehf. annast reglubundnar skoðanir á flestum skipum undir 400 brúttótonn.

Hjá fyrirtækinu starfa m.a. fyrrum starfsmenn Siglingastofnunar Íslands sem búa yfir áratuga reynslu af skipaskoðun og samskiptum við útgerðaraðila í landinu.

Markmið **Skipaskoðunar Íslands ehf.** er að bjóða góða þjónustu og tryggja sanngjarnt verð með því að halda stjórnunar- og skrifstofukostnaði í lágmarki.

Útgerðarmenn:

Skoðið málið til enda áður en þið veljið skoðunaraðila til samstarfs.

**Skipaskoðun
Íslands** 

Grensásvegi 1 | 108 Reykjavík | Símar 535 0250 | GSM 840 0250 | skipis@skipis.is | www.skipis.is



Loðna í silói. Verð á mörkuðum fyrir loðnuafurðir er sagt mjög gott um þessar mundir.

Loðnukvótinn ákvarðaður

Samkvæmt tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar yrði leyfilegur upphafsafli í loðnu ákveðinn 180 þúsund tonn. Stofnunin gaf álit sitt fyrir skömmu. Loðnan vegur nokkuð í áætlunum um hagvöxt hér á þessu ári vegna loðnubrests í fyrra, en hún vegur nokkuð þungt í útflutningi landsins.

Í hlut Íslendinga kæmu þá 143 þúsund tonn, en Norðmenn, Færeyingar og Grænlandingar fá líka hlutdeild í aflanum samkvæmt alþjóðasamningum. „Óhætt er að segja að skjótt skipist veður í lofti í tengslum við loðnuna, en mikil óvissa hefur ríkt um veiðar. Engar upplýsingar hafa verið til um 2004 árganginn og ekkert hefur sést til hans fyrr en nú með nýjustu mælingum Hafrannsóknastofnunarinnar,“ segir í frétt á vef Landssambands íslenskra útvegsmanna. „Það að loðna úr þessum árgangi skuli finnast er mikil gleðifrétt, en markaður fyrir loðnuafurðir er mjög góður um þessar mundir. Verð á mjóli og lýsi er í sögulegu hámarki og einnig er markaður fyrir frysta loðnu góður.“
- óká

Nýjar reglur um hafnsögumenn

Breytingar hafa verið gerðar á reglugerð fyrir Hafnasamlag Norðurlands.

Siglingastofnun kynnir ákvörðun samgönguráðuneytisins um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hafnasamlag Norðurlands bs. „Í reglugerðinni er kveðið á um að öll skip 100 metrar og lengri, að undanskildum íslenskum fiskiskipum, skulu taka hafnsögumann um borð við siglingu inn í, út úr eða um hafnarsvæði Hafnasamlags Norðurlands, með tilteknum undantekningum sem greint er frá í reglugerðinni,“ segir á vef stofnunarinnar.

Brim borgar 38 milljónir aukalega

Starfsfólki Brims var um áramót veittur óvæntur kaupauki vegna góðrar afkomu fyrirtækisins á liðnu ári. Á vef fyrirtækisins kemur fram að hverjum starfsmanni hafi verið veittar 125.000 krónur en alls starfa hjá fyrirtækinu liðlega 300 manns.



Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims.

Alls nam kaupaukinn til starfsfólks því 37,5 milljónum króna. „Stjórn Brims hf. vildi með þessum hætti undirstrika að gott starfsfólk er lykill að góðum árangri og fannst eðlilegt að allir liðsmenn nytu góðs af,“ segir í frétt fyrirtækisins.

Af þessu tilefni heimsóttu fyrirtækið Björn Snæbjörnsson, formaður verkafélagsins Einingar-löju á Akureyri og Matthildur Sigurjónsdóttir varaformaður og afhentu þeim Guðmundi Kristjánssyni, forstjóra Brims hf., og Agústi Torfa Haukssyni, framkvæmdastjóra Brims á Akureyri, völdugan blómvönd. Með sama hætti hefur verkafélag Akraness lýst yfir ánægju á verknaðinum en dótturfélag Brims, Laugafiskur, er starfrækt þar í bæ.

Á Grænu vikunni

Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra sótti á dögnum hádegisverðarfund í Berlín með matvælaráðherrum aðildarríkja Evrópusambandsins og annarra landa og fulltrúum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Meðal umfjöllunarefna á fundinum var staða matvælagreina, heilbrigði afurða og samkeppnismál.

Ráðherrafundurinn var haldinn í tengslum við Grænu vikuna í Berlín, sem telst meðal stærstu matvælasýninga í heimi, og er árviss viðburður í borginni.

Íslendingar starfrækja kynningarbás um íslenskan sjávarútveg

og sjávarfang á sýningunni. Árni Siemsen og starfsfólk hans á Þýsk-íslenska veitingastaðnum Sachs í Berlín sáu um kynningu og matreiðslu. Nú standa yfir tveggja vikna íslenskir dagar á veitingastaðnum Sachs, þar sem íslenskar sjávarafurðir og landbúnaðarvörur eru í aðalhlutverki.


Ólafur Davíðsson sendiherra Íslands í Þýskalandi, Matthias Keller, framkvæmdastjóri Samtaka fiskiðnaðarins í Þýskalandi, og Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra, heimsóttu íslenska básinn á Grænu vikunni í Berlín.



fomaco

PÆKILVÉLAR

- með þeim bestu í heiminum



384 vélar seldar í fiskiðnaði undanfarin 10 ár

nálafjöldi frá 16 - 1344
prefalt filterkerfi
þvottakerfi



VGI · Austurhrauni 7 · 210 Garðabæ · Sími 575 8000 · vgi@vgi.is



SKF



Fatigue load limit

Limiting speed

Designation

kN

1.43
2.25
5.4
5.07
7.28

0.67
0.96
2.36
2.36
3.1

0.028
0.043
0.10
0.10
0.132

70 000
87 000
60 000
56 000
50 000

40 000
38 000
34 000
32 000

0.0063
0.01
0.025
0.037

61801
61901
* 6001
16101
* 6201

- Kúlulegur
- Keflalegur
- Veltilegur
- Rúllulegur
- Flangslegur
- Búkkalegur

LANDVELAR 18808 HV 00K



LANDVÉLAR

Smíðjuvegi 66 - 200 Kópavogi S. 580 5800



S: 555 6006 • www.skf.is
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður



Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288

..... <http://www.landvelar.is> - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is

INTERPUMP HÁPRÝSTIÞVOTTADÆLUR



- Fyrir fagmanninn og í bílskúrinn
- 90 - 500 bar, 7 - 35 l/mín
- Ein fasa og þriggja fasa
- Sjóþolnar og glussadrifnar
- Bensín drifnar
- Háprýstislöngur og fittings
- Spissar og framlengingar
- Hvirfilspissar (túrbó)



TX



TSX

Blue Time



LANDVÉLAR

Smíðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
S: 580 5800



Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288

..... <http://www.landvelar.is> - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is



Margir hafa haldið því fram að úthlutun aflaheimilda hafi einungis byggst á veiðireynslu árin 1980 til 1983. Að mati Helga Áss Grétarssonar, lögfærings, er sú umræða röng eða misvísandi.

Mismunun skipa skorti lagastoð

Alrangt að úthlutun aflaheimilda samkvæmt kvótakerfinu hafi byggst á einföldum grunni, segir sérfræðingur Lagastofnunar HÍ.

Draga má í efa að reglugerðar-ákvæði frá árinu 1984 til 1985, sem mæltu fyrir um að mismunur skyldi gerður á skipum sem veiddu aðallega sérleyfistegundir og þeirra sem veiddu aðallega botnfisk, hafi haft næga lagastoð. Í því felst að Halldór Ásgrímsson, sem þá var sjávarútvegsráðherra, hafi sett umrædda reglugerð án þess að hafa til þess heimild í settum lögum frá Alþingi.

Þetta er ein niðurstaða rannsóknna Helga Áss Grétarssonar, lögfræðings hjá Lagastofnun Háskóla

Íslands, á þeim fiskveiðistjórnunarreglum sem gílt hafa á Íslandi frá landnámi til upptöku kvótakerfisins árið 1990.

Helgi bendir á að mikið hafi verið rætt um stöðu þeirra hópa sem ekki komu til greina við úthlutun aflaheimilda. Minna hafi hins vegar verið rætt um þennan mun, sem gerður var innbyrðis á milli þeirra sem fengu úthlutunina.

Niðurstaða Helga er jafnframt sú að umræða um að úthlutun hafi byggst á einhæfum grunni sé

röng eða í besta falli misvísandi. Margir hafa haldið því fram að úthlutun aflaheimilda hafi einungis byggst á veiðireynslu árin 1980 til 1983.

Máli sínu til stuðnings bendir Helgi á að margar undantekningar hafi verið gerðar frá

Helgi Áss Grétarsson, lögfræðingur við Lagastofnun HÍ, flytur í dag fyrirlestur undir yfirskriftinni „Úthlutun kvóta í botnfiski árin 1984 til 1990“.



reglunni og því mikil einföldun að segja úthlutun einungis hafa byggst á veiðireynslu á fyrrgreindu fjögurra ára tímabili. Grunnur að kvótakerfinu svo-kallaða var lagður árið 1984 þegar komið

var á laggirnar til bráðabirgða kvótakerfi um botnfisksveiðar.

Þessi ráðstöfun var síðan framlengd árin 1985 til 1990, og endanlega fest í sessi með lögum um stjórn fiskveiða frá árinu 1990. Fyrir árið 1984 var öllum almenningi heimilað að veiða á miðunum og leiddi til þess að fiskistofnar voru í hættu auk þess sem hallarekstur var viðvarandi í greininni.

Helgi Áss flytur fyrirlestur í Lögbergi klukkan 14.40 í dag undir yfirskriftinni „Úthlutun kvóta í botnfiski árin 1984 til 1990“.



Heildarlausnir í lyfturum



Viðurkennd viðgerðar- og varahlutabjónusta

VÉLAR:ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&P á Norðurlandi

Áhersla á öryggi sjófarenda

Til skiparannsóknanna eru áætlaðar 15 milljónir króna á ári samkvæmt upplýsingum Siglingastofnunar.

Þar kemur fram að áhersla sé lögð á að vinna úr niðurstöðum rannsókna á sjóslysum og kappkostað að lærdómur sem af þeim má draga skili sér inn í reglur um öryggi skipa og áhafna.



„Helstu verkefni eru: Vatnspéttleiki skipa, áhættumat minni fiskiskipa í hættulegum öldum, mæling á hreyfingum skipa, nýting andveltigeyma, hleðsla og ofhleðsla smábáta og loftflæði til aðalvéla skipa,“ segir á vef stofnunarinnar.

Jafnframt á að kanna hvaða áhrif hávaði hefur á hvíld og svefn skipverja. „Afkastageta skipverja og einbeiti þeirra er oft háð þeirri hvíld sem þeir fá og er athugandi hvernig þreyta getur verið orsök mannglegra mistaka sem oft orsaka slys um borð í skipum. Á grundvelli niðurstaðna verða settar fram tillögur til úrbóta. Gerðar verða samtímamælingar á hreyfingum skipa, loftgæðum og hávaða í samstarfi við áhafnir, útgerðir, hagsmunaaðila og verkfræðistofur.“



Mörgum er sjálfsagt létt eftir að samningar náðust um norsk-íslensku síldina.

Samið um síldina

Íslendingar og Norðmenn hafa náð saman um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. Framkvæmdastjóri LÍÚ segir Norðmenn hafa hagað sér á óábyrgan hátt.

Samningar hafa náðst milli Íslands, Noregs, Færeyja, Rússlands og Evrópusambandsins um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2007.

Heildarafli úr stofninum verður samkvæmt samningnum tæplega 1,3 milljónir tonna og fá Íslendingar 14,51 prósent aflans í sinn hlut, Norðmenn 61 prósent og Rússar tæplega þrettán prósent. Þá fá Færeyingar fimm prósent og Evrópusambandið 6,5 prósent.

Styr hefur staðið um stjórn veiða úr stofninum frá árinu 2003, þegar Norðmenn höfnuðu endurnýjun samnings frá 1996. Norðmenn tóku sér á síðasta ári 35 prósent meiri aflaheimildir en samkvæmt samningnum frá 1996. Íslendingar brugðust við með því að hækka eigin aflaheimildir um sama hlutfall.

Samkvæmt nýundirrituðum samningi fá Íslendingar, og aðrir aðilar samningsins, auknar heimildir til veiða í norskri efnahagslögsögu gegn því að fá Norðmönnum aukinn hlut í norsk-íslenska síld-

arstofninum. Íslendingar fá því að veiða tæplega 26 þúsund tonnum meira í norskri efnahagslögsögu en samkvæmt samningnum frá 1996, en hluturinn í norsk-íslenska stofninum rýmar að sama skapi um rúmlega eitt prósent.

Norðmenn fá heimild til að veiða rúm sjö prósent í íslenski efnahagslögsögu, en höfðu heimild til að veiða 11,47 prósent samkvæmt samningnum frá 1996.

Friðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, var í íslensku samninganefndinni og segir Norðmenn hafa hagað sér með afar óábyrgum hætti. Þrátt fyrir að hart sé að láta undan kröfum Norðmanna, sé það hins vegar réttlætlegt til að koma í veg fyrir ofveiði. „Það ástand sem skapaðist þegar Norðmenn neituðu að endurnýja samninginn frá 1996 var algjörlega óviðunandi. Í fyrra leiddi það til rúmlega 32 prósent meiri veiði úr stofninum en sú nýtingarstefna sem var við lýði kvað á um. Það blasir við að slíkt kemur niður á stofninum.“

Verð á sjávarafurðum

FISKMARKAÐURINN Í GAUTABORG:

Metverð fæst fyrir rækju

Verð á fiski og rækjum á fiskmarkaðnum í Gautaborg hefur verið gríðarlega hátt og var síðasta ár hið besta í sögu markaðarins, að því er fram kemur á Skip.is, vef Fiskifrétta. Óvíst er þó að íslenskir sjómenn hoppi hæð sína af gleði yfir þessum fregnum enda hafa rækjuveiðar hér við land gengið brósuglega síðustu misseri.

„Verðið nú í byrjun ársins gefur sömuleiðis góð fyrirheit ef marka má frásögn Fiskaren/IntraFish.no,“ segir þar jafnframt og vísað í frásögn af því að áhöfn rækjubáts frá Öckerö, í nágrenni Gautaborgar, hefði fengið 205 sænskar krónur í meðalverð fyrir 25 kassa með söðinni rækju. „Það verð samsvarar rúmlega 2.000 íslenskum krónum á kíló. Þá fylgir það sögunni að fyrir



smáþorsk, 300 til 1000 gramma, hafi fengið 73 sænskar krónur á kíló eða um 720 krónur íslenskar fyrir kílóð.“

Finni veitingastaðir í Gautaborg eru alla jafna sagðir hafa rækju á boðstólum og þeir kaupi rækjuna hvað sem hún kostar. Hátt verð á smáþorski er einnig rakið til veitingageirans, en skýringin mun vera sú að smá þorsklök henti vel á disk veitingahúsagesta og því séu þau eftirsótt vara. - óká

Lausnir í fiskvinnslu til sjós og lands



Við bjóðum eftirfarandi:

M. 950 Hausaklofningsvél (fésvél)

M. 900 Gellu-, kinna- og klumbuskurðarvél

M. 850 Sundmaga- og lundavél

M. 300 Grálúðuhausara

M. 422 Hausapressu fyrir þurrk

M. 310 Keflaknúsari fyrir þurrk

M. 100 Sneiðavél fyrir þurrk

(sneiðir heilan fisk og hausar)

Smíðum færribönd, þvottakör og fleira.

Önnumst uppsetningar. 20 ára þjónusta við fiskiðnaðinn.

Á. M. SIGURÐSSON ehf.

Hvaleyrarbraut 2 - 220 Hafnarfjörður

Sími: 565 2546 - Fax: 565 2548

Netfang: mesa@mesa.is - www.mesa.is

Guðjón Ármann Eyjólfsson

STJÓRN OG SIGLING SKIPA SIGLINGAREGLUR



STJÓRN OG SIGLING SKIPA

er sjálfsögð handbók sjómanna og nauðsynleg um borð í hverju íslensku skipi. Bókin er tileinkuð íslenskum sjómönnum og veitir greinargóðar upplýsingar í máli og myndum um alþjóðlegar siglingareglur, vaktreglur og sjómerkjakerfi.

Forlagsverð er kr. 4.500 með vsk.

Útgáfa og dreifing:

Siglingastofnun Íslands.

Vesturvör 2, 200 Kópavogi

Sími: 560 0000 - netfang: sigling@sigling.is



www.seigla.is



NÝ KYNSLÓÐ KRÓKABÁTA

SEIGUR 1250W - SVO MIKLU MIKLU STÆRRI



**Nýr Seigur
fyrir öryggið**

**Nýr Seigur
fyrir gæði aflans**



**Nýr Seigur
fyrir aðstöðu manna**

**Nýr Seigur
fyrir andófið**



**FREMSTIR
FYRIR HRAÐA
OG SPARNEYTNI**

Vinnuhraði 18-25 sjómílar • Fellikjölur staðalbúnaður • Lestin 29 kör

SEIGLA EHF

Grandagarði 18 • 101 Reykjavík • Island • Sími + 354 551 2809 • Fax + 354 551 2810 • E-mail seigla@seigla.is



Li hagkerfi

Þróun mála hér vegna þess að minni kynnti sér efnahagshorfurnar í lofti. Með minnkandi verðbólgu færir sig í auknum mæli í lántökur í

sér. Þrýstingurinn er áfram til staðar og það kallar á áframhaldandi verðbólgu eigi þessi aukaáhrif að hverfa.“ Hann segir hagkerfið engu að síður smátt og smátt vera að hægja á sér. „Þau áhrif verða orðin enn sterkari í lok þessa árs eða byrjun næsta og þar með sjáum við fram á að mál komist í höfn.“

RAUNSTYRIVEXTIR BÍTA

Bent hefur verið á að peningalegt aðhald Seðlabankans aukist eftir því sem verðbólga minnki vegna þess að þá hækki raunstyrivextir. „Þar er átt við að nafnvextir eru 14,25 prósent og fyrirsjáanlegt að verðbólga minnki hratt á næstu mánuðum. Með raunstyrivöxtum er átt við styrivexti að frádreginni verðbólgu,“ segir Björn Rúnar og bendir á að styrivextirnir hafi fyrst og fremst áhrif á stutta nafnvexti. „Þeir ákveða þar með í nokkrum skilningi kjör af lánnum eða samningum sem taka mið af skammtíavöxtum. Þegar verðbólga dettur svona hratt niður og við eigum ekki von á því að styrivextir lækki fyrr en á miðju þessu ári er fyrirsjáanlegt að þeir verði óvenjuhár að raungildi. Þá bíta þeir vextir náttúrulega,“ segir hann. Áhrif vaxtanna eru þá mest á lán til einstaklinga og fyrirtækja sem markast hafa af þessum kjörum, skammtíma- og yfirdráttarlán.

Björn Rúnar vill þó ekki spá því að í sumar bugist hópar fólks undan vaxtaþjón, enda hafi ekki enn orðið vart við gjaldþrot

einstaklinga og fyrirtækja af þeim sökum. „En við megum ekki gleyma því að markmið seðlabankans með þessum aðgerðum öllum er að draga úr eftirspurn, bæði frá einstaklingum og fyrirtækjum í formi einkaneyslu og fjárfestinga. Þótt auðvitað sé ekki yfirlýst markmið Seðlabankans að setja fólk eða fyrirtæki á hausinn er það sem fyrir honum vakir að sníða að útgjaldaákvörðunum þeim sem fólk hefur verið að taka. Fyrr fara þessir vextir ekki að bíta en fólk tekur að beygja sig undir þá.“

Stóra spurningin er hins vegar að hve miklu leyti peningastefna Seðlabankans hafi áhrif á heildareftirspurn í hagkerfinu. „Við höfum svo sem ekki legið á þeirri skoðun að virkni peningastefnunnar hér sé kannski ekki jafnmikil og hún þyrfti að vera.“ Ástæðunnar segir Björn Rúnar að leita í því sérkenni á íslenska markaðnum hversu verðtryggður hann annars vegar sé og hins vegar að hve miklu leyti fyrirtækin sérstaklega séu með sín lán í erlendri mynt. „Þar með veikist þessi vaxtamiðlunarleið og Seðlabankinn neyðist til að hækka styrivextina meira því hann sér að áhrifin á vexti eru ekki mikil. Þar með verða áhrifin á gengið sterkari, en þau eru ekki jafn hrein og bein til samdráttar og vaxtaáhrifin. Mikill þungi á gengismiðlunarleiðina flækir hagstjórnina.“ Þar vísar Björn Rúnar meðal annars til aukaverkana á borð við sveiflur sem háir vextir valda á gengi krónunnar.

Björn Rúnar segir líklegt að eftir því sem styrivextir haldist lengur háir sé viðbúið að einstaklingar taki að flýja krónuna. „Við getum vel ímyndað okkur að eftir því sem fólk sér hver þessi áhrif eru, að það freistist til að hugsa sem svo að ef til vill sé þá bara betra að vera í erlendri mynt á lægri vöxtum og taka jafnvel þá sveiflu. En auðvitað hefur þar áhrif hvar krónan er, annars vegar gagnvart þeim sem skulda og hins vegar þeim sem spara, eða fjárfesta. Hvað viðkemur heimilum ímyndar maður sér að ef krónan er veik og yfir því gildi vísitölunnar sem menn sjá fyrir sér sem langtímagildi sé freistandi fyrir þau að taka að minnsta kosti hluta af íbúðalánnum sínum í erlendri mynt og væntanlega förum við að sjá þróun í þá átt.“ Þótt ekki sé enn orðið mjög algengt að einstaklingar færi skuldir sínar yfir í erlenda mynt segist Björn Rúnar telja að það verði ein afleiðing umræðunnar sem verið hefur um gjaldmiðilinn og þeirri opnun sem orðið hafi undanfarin ár. „En auðvitað getur fólk aldrei farið algjörlega yfir í erlend lán og hlýtur að horfa á í hvaða mynt tekjur þess eru. Ekki getur talist skynsamlegt að skapa allt of mikið ósamræmi þar á milli.“

KRÓNAN SVEIFLAST UM RAUNGILDIÐ

Greiningardeild Landsbankans spáir því að krónan sveiflist á næstunni um vísitölugildið 126 og greiningardeild Kaupþings horfir til gildisins 130 sem og greiningardeild Glitnis. Þegar vísitalan er í 130 kostar bandaríkjadalur um 72 krónur og evra 95 krónur, en þegar hún er nærri 126 stigum kostar dalurinn um 70 krónur og evran 92 krónur. „Almennt séð höfum við verið frekar bjartsýni á krónuna,“ segir Björn Rúnar en 126 er vísitölugildið eins og það var um miðjan þennan mánuð. „Við höfum horft á stóriðjuframkvæmdirnar og gríðarlegan áhuga útlendinga á að koma inn í þennan vaxtamun sem virkar þá jákvætt. Á móti vinnur svo viðskiptahallinn og skammtímaáhrif af þessari evrumræðu. Við höfum lagt þetta þannig upp að til skamms tíma myndu þessir þættir veða hvor annan upp.“

Björn Rúnar segir einnig geta munað einhverju frá degi til dags eða milli vikna hvor þátturinn hefur meiri áhrif. „En síðan hefur þetta verið frekar til styrkingar og þar stjórnar fyrst og fremst ferðinni þessi mikla jöklaþróun. Svo kannski þórnar hún upp og við gætum fengið neikvæðar fréttir sem hefðu áhrif til lækkunar. Það gætu verið áhrif af kosningum eða breyttar væntingar til stóriðjuáhrifa og svo evrumræðan.“

Þegar til lengdar lætur segir Björn Rúnar trú manna þá að vaxtamunurinn ráði ríkjum og fyrirséð að hann verði töluvert mikill. „Hann verði það mikill að við fáum áfram innflæði í krónuna þrátt fyrir viðskiptahalla af stærðargráðunni kannski 10 prósent.“ Breyttar aðstæður í heiminum skipta líka máli að mati Björns Rúnars. „Um mitt síðasta ár var ákveðin svartsýni varðandi útlit á alþjóðamörkuðum, markaðir féllu, óvissa ríkti um hvert stefndi í Bandaríkjunum og vaxtahækkanir voru yfirvofandi í Japan. Þessar áhyggjur eru minni núna en var og það hefur áhrif á okkur. Núna telja menn að vextir hækki minna í Japan en talið var og að Bandaríkjamenn séu komnir að toppi í sínum



BJÖRN RÚNAR GUÐMUNDSSON Hér heldur Björn Rúnar, sem er einn af þungaviktarhagfræðingum þjóðarinnar, erindi á fundi greiningardeildar Landsbankans 10. þessa mánaðar, þar sem kynntar voru afkomuspár fyrirtækja.

MARKAÐURINN/GVA

vaxtaákvörðunum og allt hefur þetta áhrif á myntir á borð við krónuna.

Hvað hagvöxt varðar hefur greiningardeild Kaupþings og efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins breytt spám sínum nokkuð mikið og spá auknum hagvexti á þessu ári. Fjármálaráðuneytið þó heldur minna þar sem í spá þess er ekki gert ráð fyrir stóriðjuframkvæmdum sem ekki er búið að fastsetja, meðan Kaupþing gerir ráð fyrir stækkun álversins í Straumsvík. Kaupþing spáir 3,2

prósenta hagvexti í stað 0,2 prósent áður og ráðuneytið 2,2 prósent hagvexti. Nýjasta spá greiningardeildar Glitnis gerir hins vegar ráð fyrir hagvexti upp á 0,3 til 1,4 prósent og þá ekki reiknað með stóriðju.

Að sama skapi hefur greiningardeild Landsbankans ekki endurskóað hagvaxtarspá sína fyrir árin 2007 og 2008. „Við ætlum að bíða eftir aðeins meiri gögnum,“ segir Björn Rúnar, en bætir við að sýn greiningardeildarinnar hafi ekki breyst í grundvallaratriðum. „Við sjáum að minnsta kosti ekki fram á neina kreppu á þessu ári. Spurning er hversu hratt stóriðjuframkvæmdirnar koma inn, en þar er greinilega einhver töf í gangi.

Í fyrra varð hins vegar töf í útflutningi vegna loðnubrests. Það heldur niðri hagvexti 2006 en núna eru menn að finna loðnu og það hefur töluvert áhrif á útflutningstölurnar sem vega þungt í hagvexti. Einkaneysla gæti líka orðið heldur meiri þar sem ráðstöfunartekjurnar vaxa meira en ráð

var fyrir gert út af lækkuninni á matarskattinum. Svo kemur á móti að vextir verða hærri en við spáðum áður og ef þeir bíta eitthvað draga þeir hagvöxtinn aðeins niður. Ég á nú von á því útkoman verði hagvöxtur á bilinu eitt til tvö prósent á þessu ári sem væri fín niðurstaða eftir þennan mikla vöxt síðustu ára. Hagkerfið þarf að kæla niður og á ekki að líta á það neikvætt þótt hagvöxtur verði ekki af þeim stærðargráðum sem sést hafa síðustu þrjú ár. Þvert á móti er jákvætt að fá kælingu í kerfið.“



Á MORGUNVERÐARFUNDI KAUPÞINGS Vel var mætt á fund greiningardeildar Kaupþings um efnahagsmál 16. janúar. Hér að ofan fylgist Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings á Íslandi, með myndatökumanni að störfum.

MARKAÐURINN/GVA

Hagkerfið þarf að kæla niður og á ekki að líta á það neikvætt þótt hagvöxtur verði ekki af þeim stærðargráðum sem sést hafa síðustu þrjú ár. Þvert á móti er jákvætt að fá kælingu í kerfið.

Endurskóðuð þjóðhagsspá fyrir árin 2006 – 2008



ÞORSTEINN ÞORGEIRSSON Þorsteinn, sem stýrir efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, kynnti í byrjun síðustu viku endurskóðuða þjóðhagsspá ráðuneytisins.

MARKAÐURINN/GVA

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Denslan heldur áfram og viðskiptahallinn lætur lítið undan.

Skuldadagarnir munu koma

Hafliði Helgason

Nýjustu þjóðhagsspár benda til þess að núverandi hagvaxtarskeið haldist nokkru lengur en áður var búist við. Greiningardeild Landsbankans býst við að Seðlabankinn hefji ekki vaxtalækkun fyrr en á miðju sumri, og bæði fjármálaráðuneytið og Greiningardeild Kaupþings búast við að mun minna hægi á í efnahagslífinu en fyrri spár bentu til.

Þetta hafa sumir túlkað sem góðar fréttir og að bjart sé fram undan. Það er frekar barnaleg túlkun á stöðu mála, nema að rót þeirrar skoðunar sé að halda til haga að við búum í besta heimi allra heima fram yfir kosningar.

Sannleikurinn er sá að með því að halda hita á efnahagskerfinu erum við að auka áhættu á harðri lendingu. Ef við þetta bætast svo frekari stóriðjuframkvæmdir með tilheyrandi efnahagsáhrifum má búast við að skammtímavextir haldist háir um nokkurra ára skeið.

Það eru ekki góðar fréttir. Búsifjarnar af slíku hávaxtaskeiði eru það sem nefnt hefur verið ruðningsáhrif. Lífvænlegar framtíðaratvinnugreinar ná þá engri fótfestu. Venjulegir atvinnuvegir þola illa slíka vexti og síst ef slíkt ástand varir um lengri tíma. Fórnarkostnaður þessa hagvaxtar kann því að verða meiri en við raunverulega kærnum okkur um. Engan skal því undra að þeir sem geta forði sér úr krónunni og þeim vöxtum sem henni fylgja.

Leiðin til jafnvægis getur í stórum dráttum annars vegar orðið í gegnum veikingu krónunnar og hins vegar með samdrætti í einkaneyslu. Spurningin er bara hver hlutföllin verði þarna á milli. Krónubréfaútgáfa hefur vaxið að undanförunu og haldið gengi krónunnar sterku og seinkað með því samdrætti í einkaneyslu og minnkun viðskiptahallans. Standard & Poor's hafa þegar lækkað lánsþæfismat ríkissjóðs og ekki ólíklegt að Fitch muni gera slíkt hið sama, enda þótt um það séu deildar meiningar.

Hagstjórn í þessari hagsveiflu hefur verið slöpp og ekki tekið á þáttum í efnahagslífinu, svo sem íbúðalánunum ríkisins, auk illa tímasettra skattalækkana. Viðskiptahallinn er ekkert annað en skuld við útlönd sem við munum þurfa að greiða með einum eða öðrum hætti. Hjá því verður ekki komist. Okkur hefur gengið margt í hag á undanförunum árum og staða þjóðarinnar í efnahagslegu tilliti er góð. Með örlíttillí ráðdeild og framsýnni hugsun hefði sú staða verið enn betri. Það er raunveruleikinn og nauðsynlegt að tefla honum stöku sinnum fram gegn barnalegri bjartsýni.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfríður@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olíkr@markadurinn.is



ARCTIC WEAR
Vinnuföt - Hlífðarföt

Samfestingur stærðir 46-70

Regnsett stærðir XS-4XL

Góður vinnufélagi

Reykjavík: Hilti, Ísafjörður: Núpur Byggingarvörverslun, Eskifjörður: Hamar

Vesturvör 7 • 200 Kópavogur • Sími: 534-2900

Pvingaðir leikir í hagstjórninni

ORD Í BELG

Ólafur Ísleifsson
Lektor við
viðskiptadeild
Háskólans í Reykjavík



markmiðum um stöðugleika. Hann hefur ekkert verkfæri nema vextina og árangurinn sjá allir, þar á meðal erlend fyrirtæki sem meta lánsþæfi.

Til að ná jafnvægi þarf að beita ríkisfjármálum í víðu samhengi og þar undir falla framkvæmdir opinberra aðila. Ganga þarf hægt um gleðinnar dyr í orkuframkvæmdum að ekki sé talað um 90% kosningavíxilin í húsnaðismálum sem engin innstæða var fyrir.

ER EVRAN FÝSILEGUR KOSTUR?

Evrann kallar á pólitíska ákvörðun og í reynd á ákvörðun þjóðarinnar og aðild að Evrópusambandinu. Íslendingarhafagengiolangleiðina inn í ESB með aðild að evrópska efnahagssvæðinu svo óhætt mun að gera því skóna að full aðild tæki skamman tíma eftir að samningar hafa tekist. Hver væri ávinningurinn af aðild? Kannski væri stóri ávinningurinn fólgin í því að eiga raunhæfan kost á að taka upp evruna með kostum og göllum sem henni fylgja.

Nú þarf að gera gangskör að því að taka út kosti og galla aðildar í víðu samhengi opnum huga og án fyrirfram gefinnar niðurstöðu. Ekki reynir síst á að Sjálfstæðisflokkurinn kanni hug sinn vandlega í þessu máli enda sýnist hann ráða því í krafti stærðar sinnar hvorum megin hryggjar aðild Íslendinga að Evrópusambandinu kann að liggja.

KOSTIR EVRU OG GALLAR

Röksemdir sem styðja evruna liggja á borðinu: Aðild að sameiginlegri mynt velflestra Evrópuþjóða (og gá ber að því að Danir og Svíar tengja sínar myntir náði við evruna), brottfall viðskiptahindrana, gagnsær samburður á verði milli landa, aðgangur að sameiginlegum markaði fyrir vörur og lánsfé, lækkun viðskiptakostnaðar og svo mætti áfram telja.

Röksemdir gegn evrunni eru kannski tvær helstar. Önnur

er að hagskilyrði séu önnur hér en í Evrópu. Þetta er rétt en munurinn fer ört minnkandi eftir því sem þjóðarbúskapurinn hér á landi líkist æ meir efnahagslífi í nágrannalöndunum. Vaxandi þjónusta einkennir þjóðarbúskapinn til dæmis og skemmst að minnst stórsóknar fjármálageirans sem kominn er fram úr sjávarútvegi í verðmætasköpun í þjóðarþúinu.

Hin röksemdin er missir sjálfstæðis í peningamálum. Hyggjum nú að: Hvert er þetta sjálfstæði? Er það sjálfstæði til að ákveða gengi krónunnar? Gengið ræðst á markaði og stjórnmöld horfa einfaldlega upp á það hvert krónan fer eins og hver annar. Nú, ef það er ekki gengi krónunnar er það þá sjálfstæði til að ákveða vexti á innlendum markaði? Kannski, en hendur Seðlabankans eru verulega bundnar í því efni og vaxtaákvæðanir hans mótast mjög af ákvörðunum annarra seðlabanka. Auk þess setur útgáfa krónubréfa í eigu útlendinga Seðlabankann miklar skorður. Bankinn kann í raun að vera ofurseldur því að viðhalda lágmarks vaxtamun gagnvart umheiminum til að koma í veg fyrir að eigendur bréfanna innleysi þau og afstýra þannig skarprí lækkun á gengi krónunnar með tilheyrandi verðbólguhrinu. Bankinn á því oft ekki aðra teka kosti en þvingaða leiki. Hvað er þá eftir af sjálfstæðinu?

ÍSLAND Í SAMFÉLAGI ÞJÓÐANNA

Umræðan um evruna er í raun umræða um aðild að Evrópusambandinu. Sumir segja að þar sé skrifinn ska. Auðvitað er það svo en átti það að stöðva okkur í að ganga í NATÓ eða EES að þar er umsvifamikill skrifstofuhald? Sumir segja að við séum svo lítil þjóð að við yrðum áhrifalaus. Við erum náttúrliga ekki Þýskaland, Frakkland eða Bretland en hefði ekki sama röksemd haldið okkur utan NATÓ eða EES?

Utanríkisstefna Íslendinga kallar á endurskoðun í ljósi þess að tvær meginstöðir hennar hafa veikt mjög: NATÓ og norrænt samstarf. En við þurfum að eiga samastað í tilverunni. Með hljóta að hugleiða með opnum huga hvort sá staður eigi að vera annar en sá sem nánustu vinir okkar og viðskiptaþjóðir, að Bandaríkjunum undanskildum, hafa valið sér.

UMRÆÐAN PRÓAST

Umræðan hefur þróast í ljósi skýrslunnar. Eftirfarandi staðreyndir liggja fyrir:

1. Engin evra fæst án aðildar að Evrópusambandinu.
2. Evran er ekki skyndilausn á aðstöðjandi vanda heldur skipulagsbreyting í efnahagslífinu til hagsbóta fyrir fólk og fyrirtæki.
3. Sex ára reynsla af fljótandi gengi svokölluðu, verðbólgu-markmiði Seðlabankans, liggur fyrir, m.a. í ljósi 14-15% stýrivaxta Seðlabankans og 20% útlánsvaxta, og getur hver dreigið sínar ályktanir af henni.

Rétt að halda því til haga að á árunum fram til 2001 var gengi krónunnar haldið föstu. Eftir að hagkerfið var opnað fyrir frjálsu flæði fjár að og frá landinu var enginn vegur að halda genginu stöðugu áfram enda hefði Seðlabankinn þá verið ofurseldur lögmálum spákaupmennsku eins og dæmin sanna annars staðar frá. Þess vegna var krónan sett á flot snemma árs 2001 og má kallast hafa verið þvingaður leikur á skákmáli.

LÆRDÓMAR REYNISLUNNAR UM HAGSTJÓRNINA

Ef ekki er haldið um ríkisfjármálin styrkri hendi (og ekki má heldur gleyma fjármálum sveitarstjórna) næst ekki viðunandi jafnvægi í þjóðarbúskapnum og ekki vinnandi vegur að ætlast til þess að Seðlabankinn einn ná

UM VÍÐA VERÖLD

Óverðskuldaðar launahækkningar

Economist | Breska tímaritið Economist gerir launahækkningar og há laun forstjóra í stórfyrirtækjum í Bandaríkjunum að umtalsefni í vikunni. Tímaritið bendir á að laun forstjóra stórfyrirtækja hafi hækkað í svipuðu hlutfalli og laun óbreyttra starfsmanna allt fram undir lok síðustu aldar. Blaðið bendir á að á árum áður hafi fyrirtæki almennt verið minni og starfsmenn verið í betri

tengslum við yfirstjórnina en áður. Breyting varð hins vegar þegar haf myndaðist á milli stjórnenda og lægra settra starfsmanna á níunda áratugnum. Í sama mund komu til sögunnar kaupréttarsamningar auk þess sem laun stjórnenda ruku upp á við. Nú er hins vegar svo komið að mánaðarlaun hins óbreyttra starfsmanns nema einungis broti af daglaunum forstjóra stærstu fyrirtækja vestanhafs. Tímaritið bendir hins vegar á að góð laun í hárrí stöðu fari oft ekki saman enda sé árangur vellaunadra stjórnenda stundum slægur. Bendir bláðið á að bæta þurfi úr og tengja launagreiðslur og kaupréttarsamninga stjórnenda betur við árangur þeirra á stjórnendasviðinu.

Gerðu ekki ráð fyrir lengri ævi

Guardian | Og enn um vanda stjórnenda. Breska dagblaðið Guardian veltir vöngum yfir þeim vandæðum sem stjórnendur í Bretlandi standa frammi fyrir eftir að ströng lög tóku gildi í landinu í viku-byrjun sem skikka fyrirtæki til að gera skilmerkilega grein fyrir lífeyrisskuldbindingum sínum.

Upplýsingar sem þessar hafa ekki legið fyrir augum hluthafa fyrr, en frá og með gildistöku nýju laganna er fyrirtækjum skylt að birta þær í ársreikningum sínum framvegis. Ljóst þykir að einhver fyrirtæki þurfi að draga saman seglin vegna aukinnar lífeyrisskuldbindinga af þeirri einföldu ástæðu að lífaldur fyrrverandi starfsmanna fyrirtækja hefur hækkað talsvert meira en gert var ráð fyrir, að sögn Guardian, sem bendir á að farið var í að setja saman lög um málið eftir að talsvert gap var á milli þess sem fram kom um fjárhagsstöðu fyrirtækja í Bretlandi og lífeyrisskuldbindinga þeirra, sem hafa reynst mörgum fyrirtækjum þungur baggi. Nokkur fyrirtæki hafa nú þegar bætt úr vandanum. Þar á meðal er verslanakeðjan Marks & Spencer, sem hafa ákveðið að leggja 500 milljónir punda, jafnvirði 68 milljarða króna í lífeyrissjóð starfsmanna á næstu árum.

STARFSMANNAMÁL

Þegar umsækjendum er hafnað

Mikilvægt er að þeir sem ekki hafa verið valdir til starfa en hafa sótt um starf fái heildarlegt höfnunarbréf, símtal eða tölvupóst. Þeir umsækjendur sem ekki verða fyrir valinu og fá hvorki skriflegt né munnlegt svar við umsóknunum upplifa oft sterka höfnun.

Í mörgum tilfellum hafa umsækjendur sent persónuleg gögn eins og einkunnir og feril-

skrá til ráðningaraðila og vita oft ekkert hvað verður af gögnunum. Bréf eða tölvupóstur getur verið mikil hjálp fyrir þá sem velta fyrir sér hvers vegna þeir urðu ekki fyrir valinu og hvers vegna enginn boðaði þá í viðtal.

Í greininni Life's Work í dagblaðinu New York Times kemur fram að helsta form höfnunar hjá mörgum fyrirtækjum í dag sé þögnin ein. Talið er að sárafá fyrirtæki hugsi um ferli höfnunar og er ferlinu líkt við lélegt stefnumót, þar sem umsækjandi situr og bíður við síma eftir samtali sem aldrei kemur. Nokkrum mánuðum seinna er svo e.t.v.

hringt í umsækjanda þegar fyrirtækið er í uppsveflu og þarf á starfsmanninum að halda. Í greininni er ítrekað mikilvægi þess að hringja í umsækjendur eða senda þeim bréf í tíma, hvort sem um ráðningu eða höfnun er að ræða.

Upplifun umsækjanda gagnvart fyrirtæki skiptir máli við höfnunarferli. Ferli og viðmót sem umsækjandi upplifir við ráðningarferlið getur mótað sýn hans til fyrirtækisins og sýn almennings er fyrirtækinu mikilvæg. Þá er vert að hafa í huga að þeir umsækjendur sem fá höfnun gætu verið framtíðarstarfs-

menn fyrirtækisins eða jafnvel yfirmenn þess seinna meir.

Mörg fyrirtæki standa sig vel í að senda bréf eða tölvupóst til þeirra sem er hafnað. Sum fyrirtæki senda stöðluð bréf á alla en önnur hafa látið hanna sérstök bréf þar sem innihald textans er úthugað. Höfnunarbréf án réttlætningar og skýringar eru litin neikvæðari augum af umsækjendum en þau bréf sem gefa umsækjendum nánari skýringar. Því lengri tími sem líður án svars, því meiri gremju og ósanngirni fyllist umsækjandi. Til þess að koma í veg fyrir þetta þarf að senda öllum umsækjendum bréf

tímanlega með viðeigandi upplýsingum.

Sif Sigfúsdóttir, MA í mannauðsstjórnun.



SPÁKAUPMAÐURINN

Lúterskir leiðindapúkar

Stundum verður maður ótrúlega þreyttur á hvað þessi þjóð er lútersk og leiðinleg. Sammælist um að gera hvunndaginn að endalausum táradal og ef einhver vogar sér í grámyglu skammdegisins að gera sér glaðan dag þá rjúka allir harðlífismenn þjóðarinnar upp til handa og fóta og hneykslast.

Áður en tókst að koma því inn í þjóðina að veran í þessum heimi ætti mestanpart að vera þjáning, þá kunnu Íslendingar að halda almennileg partí. Þjóðarframleiðslan lá nánast niðri meðan menn drukku brullaup svo vikum skipti. Að þessu gáskafulla lífi löknu fóru menn svo til Valhalla og þar var náttúrlega gegndarlaus partí áfram.

Síðan tók harðlífið við og það er ekki fyrr en á allra síðustu árum sem okkur er farið að takast að komast aftur á braut þess að geta án þjakandi samviskubits gert okkur glaðan dag. Í traust þess að við séum að læra að gleðjast hafa nokkrir auðmenn og fyrirtæki staðið fyrir líflegum partíum og um leið styrkt góð málefni, eins og nánast gleymdar poppstjórnur.

Mér hefur gengið allt í haginn í lífinu, hef nóg umleikis og hef gaman af því að láta vini mína njóta með mér. Ég sé bara ekkert athugasvert við það að skemmta mér vel og ég hef vel efni á því.

Hitt er svo annað að uppeldið segir líka til sín og ég hef ekki látið mitt eftir liggja í því að styðja ýmis góð málefni í gegnum tíðina. Þrátt fyrir að ég birtist stundum sem græðgin uppmáluð verður að segjast eins og er að mér er annst um náungann og mér líður betur þegar öðrum líður vel. Það er nú allur galdurinn og má til sanns vegar færa að þar geri ég góðverk af eiginjörnum hvötum. Og hvað með það.

Ég kann líka að gleðjast með náunganum og sá hæfileiki hefur líka gert það að verkum að ég hef skellt mér með í hin og þessi ferðalög með ríkustu mönnum landsins, Þannig keypti ég í Búnaðarbankanum og naut ávaxtanna af þeim snjalla leik Ólafs Ólafssonar að sameina bankann Kaupþingi. Ég get vel unnt honum þess að halda glæsilegt partí fyrir vini og samstarfsmenn. Ég sé ekki ofsjónum yfir því.

Þar fyrir utan þá var sjóðstofnunin hjá honum glæsilegt framtak og gleðilegt að menn sinni því að láta þá sem þurfa njóta velgengni sinnar. Milljarður í sjóð er ekki lítið fé, jafnvel ekki fyrir menn eins og Ólaf Ólafsson. Ég mun á endanum gera eitthvað svona, því ekki tekur maður neitt með sér í lokaferðina og í Valhöll er hvort eð er nóg til af öllu.

Spákaupmaðurinn á horninu

Skrifstofuhúsgögn

Beyki

....á miklu betra verði !



Hnota



Hæðarstillanleg skrifborð frá kr. 31.300

Kirsuber



Hlynur



Samstæðan kr. 56.400

Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Niðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is

AURASÁLIN

Félagsþjónusta auðmanna

Það var glatt á hjalla hjá kunningja Aurasálarinnar um helgina. Eins og venjulega var úr nógu félagslífi að velja. Bankarnir buðu allir í partí og kvöldmat, nokkur stórfyrirtæki voru með veislur og svo var vini Aurasálarinnar vitaskuld boðið á leiki hjá íslenska handboltalandsliðinu, West Ham, Chelsea og Barcelona.

Vinur Aurasálarinnar er mjög ánægður með þjónustu bankanna og þá sérstaklega félagsþjónustu þeirra. Þeir hafa raunar séð honum algjörlega fyrir félagslífi síðustu árin, eða alveg síðan hann hætti að borga yfirdrátt og byrjaði að innheimta vexti af innlánnum sínum, fékk Platinumkort og byrjaði að sýsla með verðbréf.

En það eru ekki bara bankarnir sem bjóða upp á félagslíf því auðmennirnir eru líka duglegir við að bjóða hver öðrum í veglegar veislur, gjarnan fyrir milligöngu almenningshlutafélaga sem þeir eru í forsvari fyrir.

Nú síðast var vini Aurasálarinnar boðið í afmæli hjá framsóknarmanni. Sú var tíðin að framsóknarmenn létu sér nægja að bjóða upp á nokkrar brennivínslöskur á ráðherraverði og fengu Geirmund Valtýsson til að taka nokkra slagara. En það er liðin tíð. Nú getur hin nýja kynslóð framsóknarmanna boðið mönnum upp á ógleymanlegar veislur.

Einn auðmaður bauð um daginn upp á emúaegg í forrétt, kengúrukjöt í aðalrétt (kengúrurnar voru fluttar lifandi til landsins með einkaþotu auðmannsins) og ekvadórskt eðalsúkkulaði í eftirrétt, borið fram á bráðnu gullbeði. Annar, ekki minni auðmaður, bauð í einni veislu upp á smjörsteikta fálkavængi í forrétt, kryddlegin ljónshjörtu í aðalrétt og Antarktíkuvanilluís í eftirrétt, en ísinn var kældur með sérinnfluttri ísbreiðu úr Weddelhafi.

Auðmaðurinn sem vinur Aurasálarinnar fór í afmæli til um helgina var ákaflega rausnalegur á afmælisdaginn. Hann gaf milljarð til góðgerðarmála – og meira að segja Aurasálin á erfitt með að pirrast út í það.

Sá hinn sami sannaði hins vegar að allur heimsins peningur getur ekki keypt góðan smekk á tónlist.

Með brennandi áhuga á lyfjum

Sigurður Óli Ólafsson tók við starfi aðstoðarforstjóra Actavis af Svöfu Grönfeldt í haust. Sigurður er ekki jafnþekkt andlit á Íslandi og þau Róbert Wessman, forstjóri Actavis, og Svafa. Hann er þó fjárfestur í lyfjabransanum að góðu kunnur enda hefur hann gegnt lykilstöðu í uppbyggingu Actavis á undanförunum árum. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir ræddi við Sigurð Óla.

Áður en Sigurður kom til Actavis hafði hann góða þekkingu á bandaríska lyfjamarkaðnum eftir að hafa um nokkurra ára skeið starfað hjá lyfjarisanum Pfizer. Þeir Sigurður og Róbert Wessman, forstjóri Actavis, gengu á sama tíma í Menntaskólann við Sund og vissu því hvor af öðrum þótt þeir hefðu farið ólíkar leiðir, Róbert í viðskiptafræðina og Sigurður í lyfjafræðina. Þessi kynni leiddu til þess að Sigurður var fenginn til að leita uppi bandarískt lyfjafyrirtæki til að kaupa og koma þannig fótunum undir Actavis á Bandaríkjamarkaði. Hann byrjaði einn í lítilli skrifstofu, með síma og tölvu sér til halds og trausts. Tæpum tveimur árum síðar hafði Actavis tekið yfir starfsemi bandaríska samheitalyfjafyrirtækisins Amide sem var mikill áfangi í vaxtarsögu Actavis.

VIÐ LÝSISRANNSÓKNIR Í HÍ

Sigurður er giftur Björgu Harðardóttur íslenskufræðingi. Þau hjónin voru ung þegar þau stofnuðu fjölskyldu. Þegar Sigurður útskrifaðist sem lyfjafræðingur árið 1993

Sigurður Óli Ólafsson

Starf: Aðstoðarforstjóri Actavis

Fæðingardagur: 1. júní 1968

Maki: Björg Harðardóttir

Börn: Oddur Sigurðsson, fæddur 1990,

Elisabet Sigurðardóttir, fædd 1994.

Árið 2005 tóku Sigurður og eigin kona hans ákvörðun um að flytja frá Bandaríkjunum og aftur heim til Íslands, enda búin að vera búsett í útlöndum í sjö ár. „Við vildum að börnin okkar upplifðu sig sem Íslendinga, sem var ekkert sjálfgefið. Þau voru ellefu og fimmtán ára og komin vel inn í ameríska kúltúrin.“

ALLIR SAMRUNAR GENGJÓ UPP

Actavis hefur á sjö árum vaxið úr því að vera lítið íslenskt fyrirtæki með 150 starfsmenn í það að verða alþjóðlegt fyrirtæki með ellefu þúsund starfsmenn. Á síðasta ári einu rúmlega tvöfaldaðist veltu samstæðunnar. Hún var um 580 milljónir evra á árinu 2005 og búist er við því að hún verði um 1390 milljónir á árinu 2006. Mesti vöxturinn hefur

farið fram í gegnum yfirtökur. Actavis hefur mjög skýra stefnu í slíkum ferlum. „Tölfræðin segir að rúmlega helmingur af öllum sameiningum klikki, þannig að við tökum þetta mjög alvarlega,“ segir Sigurður. „Sú staðreynd að í öllum þeim tuttugu og fimm fyrirtækjum sem Actavis hefur keypt hafi hagnaður aukist á árinu sýnir fram á að stefnan virkar hjá okkur.“

HÁDEGISVERÐURINN

Með Sigurði Óla Ólafssyni aðstoðarforstjóra Actavis

Hádegisverður fyrir tvo á Silfri

Lamb Wellington
Rauðspretta vafin
utan um kóngakrabba

Drykkir
Kók og kaffi
Alls krónur 5.650

PISSA EKKI Í SKÓINN SINN
Actavis hefur sótt inn á markaði í Austur-Evrópu og á Indlandi, þar

sem oft á tíðum eru ekki strangar reglur er varða aðbúnað starfsfólks, mengunarvarnir og önnur siðferðislega tengd mál. Sigurður segir samsteypuna hafa afar skýrar siðareglur. „Þetta er nokkuð sem ekki er hægt að gefa afslátt af. Jafnvel þótt maður fari til landa þar sem eitthvað misjafnt tókast hreinlega myndum við aldrei leyfa okkur það. Þetta er bara eins og að pissa í skóinn sinn og það vita allir að það borgar sig ekki að byrja á því.“


Sigurður segir Actavis ekki bara sækja inn á Indlandsmarkað vegna þess að vinnuaflíð er ódýrara þar en hér, heldur ekki síður vegna aðgangs að því. „Þegar við auglýsum lausar stöður þar fáum við hundruð umsókna frá hámenntuðu fólki. Hlutfall sérfræðinga sem sækja um hjá okkur þar er margfalt hærra en nokkurs staðar annars staðar í heiminum. Þetta er ekki síðri ástæða heldur en lægri kostnaður.“

HJARTA ACTAVIS Á ÍSLANDI

Mörg lönd eru nefnd til sögunnar þegar næstu kaupþækifæri Actavis eru rædd. Sigurður nefnir Suður-Evrópu, Mið-Austurlönd, Suður-Ameríku og ýmis lönd í Asíu. „Við erum að ná fram hagkvæmni stærðarinnar og því að þótt það sé verðlækkun á einum markaði sé alltaf einhver annar sem kemur á móti. Þetta er kosturinn sem við höfum fram yfir mörg önnur lyfjafyrirtæki. Við erum að fá tekjur frá 35 mörkuðum og höfum 650 lyf til sölu. Við erum því mjög vel áhættudreifð og í því er okkar samkeppnisforskot fólgið.“

Ísland er ekki á listanum yfir stærstu vaxtamarkaðina. Þrátt fyrir að á Íslandi starfi einungis um fimm hundruð af ellefu þúsund starfsmönnum Actavis, og veltan hér á landi sé innan við tvö prósent af heildarveltunni, er ekkert fararsnið á félaginu. „Við erum íslenskt fyrirtæki og meirihluti af okkar hluthöfum eru íslenskir. Það eru stórir kostir sem fylgja því að vera íslenskt fyrirtæki, til að mynda hvað ímyndina varðar. Hjarta fyrirtækisins er á Íslandi.“

Starf hjá Tern Systems



Fjármálastjóri óskast

Fjármálastjóri hefur umsjón með fjölbreyttum verkefnum sem snúa að bókhaldi og fjármálum fyrirtækisins. Í því felst m.a. umsjón með bókhaldi og launaútreikningi, uppgjörsmál, gerð fjárhagsáætlana og upplýsingagjöf til framkvæmdastjóra og stjórnar. Enn fremur samskipti við banka og fjármálastofnanir og frágangur gagna til endurskoðenda ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Jafnframt hefur fjármálastjóri verið virkur þátttakandi í ráðningu og móttöku nýrra starfsmanna.

Í boði er áhugavert starf hjá metnaðarfullu fyrirtæki þar sem reynir m.a. á samskipti milli landa á sviði viðskipta og fjármögnunar.

Umsækjendur skulu vera með háskólamenntun á sviði viðskipta og reksturs eða annað sambærilegt nám sem nýtist í starfi. Reyndsla af störfum á sviði fjármálastjórnunar er kostur. Áhersla er lögð á skipulögð og fagmannleg vinnubrögð. Góð enskukunnátta er skilyrði.

Umsóknir óskast sendar til Flugkerfa hf., pósthólf 234, 201 Kópavogi eða í tölvupósti, jobs@tern.is, fyrir 29. janúar nk. Nánari upplýsingar um starfið veitir Erla Jensdóttir hjá Flugkerfum. Netfang: erla@tern.is



Tern Systems

Tern Systems (Flugkerfi hf.) er vaxandi hugbúnaðarfyrirtæki í mikilli útrás með síaukin verkefni erlendis m.a. í Asíu og Afríku. Helstu verkefni fyrirtækisins eru heildarkerfisláusnir á sviði flugumferðastjórnar.

Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 30 metnaðarfullir einstaklingar og lögð er áhersla á að bjóða upp á framúrskarandi vinnuaðstöðu, gott starfsumhverfi og sveigjanlegan vinnutíma.

Hlíðasmára 10
201 Kópavogi
sími 525-0500
fax 525-0501

www.tern.is

allt
bílar

Alla laugardaga



Fyrir hverju vilt þú berjast?

- UMFERÐARÖRYGGI OG UMFERÐARFLÆÐI
- TVÖFÖLDUN SUÐURLANDSVEGAR
- BETRI VEGUM, FLEIRI VEGRIÐUM OG HRINGTORGUM
- BÆTA HRINGVEGINN OG BURT MEÐ EINBREIÐAR BRÝR
- ÖRYGGIM VEGUM Á VESTFJÖRÐUM
- MEIRI LÖGGÆSLU, UMFERÐARÁRÓÐUR OG HÆKKUN SEKTA
- MEIRI FJÁRMUNUM TIL VEGAGERÐAR VARIÐ Í ÖRYGGISMÁL
- FORGANGSRÖÐUN VERKEFNA OG GÖNG Á LANDSBYGGÐINNI
- HEILDARSTEFNA Á ALÞINGI Í UPPBYGGINGU VEGAKERFISINS

Með **SAMSTÖÐU** getum við náð árangri.

Í nóvember árið 1999 var stofnaður áhugahópur um örugga Reykjanesbraut. Með samstöðu íbúa svæðisins, þingmanna og framkvæmdaraðila tókst að hefja framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar fyrr en áætlað var. Og nú eftir rúmlega sjö ára baráttu og jákvæðan áróður hópsins er fyrsti áfangi brautarinnar tilbúinn og árangurinn staðreynd. Í stað allt að sex banaslysa á ári hefur enginn látist á brautinni frá því að fyrsti áfanginn var vígður árið 2004.

Við getum náð árangri – líka á þínu svæði. Markmiðin eru skýr.

Gerum alla vegi landsins örugga með SAMSTÖÐU og slysalausri sýn árið 2007

Skráðu þig í þinn baráttuhóp á www.nullsyn.is

Við styðjum grasrótarsamtökin Samstöðu:



SAMSTÖÐA
SLYSALAUS SÝN

Stórfyrirtæki með litla yfirbyggingu

Promens hefur vaxið gríðarlega síðastliðin tvö ár. Breytingar eru í vændum hjá fyrirtækinu en í ár mun það gera bækur sínar upp í evrum auk þess sem stefnt er að skráningu á markað undir lok næsta árs.

Þrátt fyrir að Promens sé eitt af stærstu iðnfyrirtækjum á Íslandi með starfsemi í um 20 löndum og 5.400 starfsmenn er yfirbygging fyrirtækisins lítil. Í því liggur skilvirknin og arðsemin, að sögn Ragnhildar Geirsdóttur, forstjóra Promens, á fyrirlestri um fyrirtækið á opnum fundi viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands í lok síðustu viku. Ragnhildur benti á að frá og með þessu ári yrði uppgjör samstæðunnar framvegis í evrum auk þess sem stefnt sé að skráningu í kauphöll undir lok næsta árs. Fyrirtækið horfir til frekari vaxtar í Austur-Evrópu og í Asíu á næstu árum.

Ragnhildur fór í erindi sínu yfir sögu Promens, allt frá dögum hverfissteypunnar Sæplasts á Dalvík til þess sem fyrirtækið lauk kaupum á norska fyrirtækinu Poolimon um áramótin. Ragnhildur sagði kaupin vissulega stóran bita enda væri norska fyrirtækið fjórum sinnum stærra en Promens og með starfsemi í sautján Evrópuríkjum. Þakkaði hún Atorku Group, móðurfélagi Promens, góðan stuðning við kaupin en án hans hefðu þau verið talsvert erfiðari, að hennar sögn.

MEÐ RÆTUR Á DALVÍK

Promens á sér ekki langa sögu en það var stofnað við upphaf árs 2005. Ræturnar liggja hins vegar langt aftur til Sæplasts á Dalvík, sem stofnað var árið 1984 og hefur meðal annars sérhæft sig



RAGNHILDUR GEIRSDÓTTIR Forstjóra Promens segir fyrirtækið sjá vaxtarmöguleika í Austur-Evrópu og í Asíu.

MARKAÐURINN/GVA

í hverfissteypum kerjum fyrir fisk- og byggingariðnað. Sæplast var skráð í Kauphöll Íslands árið 1993 og stækkaði við sig meðal annars með stofnun verksmiðju á Indlandi og með kaupum á verksmiðjum í Noregi, Kanada, á Spáni og í Hollandi allt fram til ársins 2004 þegar Atorka Group eignaðist meirihluta í félaginu. Í kjölfarið var Sæplast afskráð úr Kauphöll Íslands og Promens stofnað yfir reksturinn.

Vöxtur Promens hefur verið gríðarmikill síðastliðin tvö ár og hefur fyrirtækið meðal annars keypt tvö stór fyrirtæki í Noregi, í Norður-Ameríku og Norður-Evrópu á tímabilinu. Þau framleiða meðal annars

eldsneytistanka í stærri gerðir bíla fyrir stórfyrirtæki á borð við þýsk-bandaríska bílaframleiðandann DaimlerChrysler, MAN og Volvo. Önnur dótturfélög Promens, svo sem Poolimon, framleiða hins vegar smærri einingar, svo sem neytenda-, efna-, lyfja- og matvælaumbúðir auk plasthluta fyrir bíla- og rafeinda-íðnaðinn.

MIKIL ÁBYRGÐ FRAMKVÆMDA-STJÓRA

Ragnhildur sagði hag Promens felast í lítilli yfirbyggingu fyrirtækisins á Íslandi sem einbeiti sér að umsjón með fjármálum og skipulagningu rekstrarins í heild og góðum samskiptum við fram-

kvæmdastjóra þeirra fyrirtækja sem Promens hafi keypt úti í heimi í gegnum árin. „Það þarf að vera gríðarmikil skilvirkni í rekstri fyrirtækja,“ sagði Ragnhildur og benti á að í fyrirtækjakaupum sínum hefði Promens einblínt á lítil en vel rekin fyrirtæki í plasti-íðnaði. Litlar breytingar hefðu verið gerðar á fyrirtækjunum en framkvæmdastjórar þeirra bæru þeim mun meiri ábyrgð og heyrðu beint undir forstjóra Promens.

VÖXTUR Í AUSTRI

Ragnhildur sagði plastiðnaðinn í miklum og stöðugum vexti og benti á að plastnotkun hefði aukist gríðarlega á undanförunum árum. Nefndi hún sem dæmi að

árið 1990 hefði meðal plastnotkun Evrópubúa numið um 65 kílóum á mann á ári. Þetta hafi aukist mikið og er meðalnotkunin komin í 100 kíló á þessu 17 ára tímabili.

Þrátt fyrir þetta hefur Promens síður en svo í hyggju að leggja skóna á hilluna. „Við ætlum að halda áfram að vaxa og höfum séð talsverð vaxtartækifæri í Austur-Evrópu og í Asíu. Þar eru minna þróaðir markaðir fyrir okkar framleiðslu,“ sagði Ragnhildur en fór hvorki nánar út í hvaða lönd væri um að ræða né hvenær farið yrði í frekari fyrirtækjakaup á næstunni.

BREYTINGAR Í VÆNDUM

Með fyrirtækjakaupum Promens á síðastliðnum árum hefur fyrirtækið vaxið gríðarlega. Veltan hefur að sama skapi stóraukist. Sem dæmi nefndi Ragnhildur að velta ársins 2005 hefði numið 20 milljónum evra, jafnvirði 1,8 milljarða króna, en var í fyrra um 720 milljónir evra, jafnvirði 65 milljarða íslenskra króna, sem jafngildir 36-faldri aukningu á milli ára.

Ragnhildur segir þennan vöxt hafa leitt til þess að fyrirtækið hafi ákveðið að gera bækur sínar upp í evrum frá og með þessu ári. Ástæðan sé sú að stærstur hluti, rúm 98 prósent, af veltu samstæðunnar sé í erlendri mynt. Stefnt var að breytingunni á síðasta ári í kjölfar kaupa á bandaríska iðnfyrirtækinu Bonar Plastics í hittiðfyrra, að sögn Ragnhildar.

SONATA

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsuþjöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- Öryggisstilling fyrir barnabílstól
- 40/60 afturbekkur með armpúða
- 462 lítra farangursrymi

Verð bsk. kr. 2.390.000

Verð ssk. kr. 2.550.000

GULLVERÐLAUNAHAFINN FRÁ HYUNDAI



WWW.HYUNDAI.IS

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

SÖGUHORNID

Fyrsta kauphöll Lundúna vígð

Elísabet I Englandsdrottning vígði formlega konunglegu kauphöllina í Lundúnum í Bretlandi.

Stofnandi kauphallarinnar var kaupmaðurinn Sir Thomas Gresham, sem var við hirð bæði Elísabetar I og hins barnunga Játvarðs I, bróður hennar, sem ríkti yfir Englandi frá nú ára aldri til dánardægurs á sextánda aldursári árið 1553. Thomas þessi var sonur Sir Richards Gresham, sem Hinrik VIII veitti til skamms tíma stöðu borgarstjóra í Lundúnum í þakklætisskyni fyrir vel unnin störf. Horft var til þess að kauphöllin yrði miðstöð viðskipta í borginni að fyrirmynd Den Rhijn, hollensku kauphallarinnar í Antwerpen sem sett var á laggirnar á 15. öld.

Saga kauphallarinnar er með skrautlegra móti og fjarri því að heillastjarna hafi skinið yfir henni fyrr en á síðustu tvö hundruð árum. Verðbréfamiðlarar á fyrri öldum, sem flestir voru kaupmenn og miklir ólátabelgir, þóttu það hávaðasamir og grófir í háttum á 16. öld í Lundúnum að forsvarsmenn konunglegu kauphallarinnar sáu þann kost vænstan í stöðunni að meina þeim aðgang að markaðnum. Urðu þeir því að sinna viðskiptum sínum á öðrum vettvangi, svo sem á nálægum knæpum.

Þá stóð kauphöllin ekki nema í rétt rúma öld. Í september



FRÁ LUNDÚNUM Kallari hennar hátignar les úr bréfi drottningar við hús konunglegu kauphallarinnar í Lundúnum. Kallarar sem þessi eiga rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1291. Markaðurinn/AFP

árið 1666 braust út mikill eldur í Lundúnum, sem nefndur hefur verið Lundúnaeldurinn mikli, og glepti hann í sig hvorki fleiri né færri en 13.200 hús, 87 kirkjur og flestar stjórnarbyggingar borgarinnar í þá þrjá daga sem hann logaði. Þar á meðal var kauphöll Greshams sem brann til grunna.

Önnur kauphöll var reist á rústum hinnar fyrstu þremur árum síðar. Hún entist nokkru lengur en sú fyrsta, í um tæp 170 ár, en hún brann til grunna í janúarmánuði árið 1838. Ný kauphöll var reist enn á ný úr rústunum, að þessu sinni eftir upphaflegri teikningu kauphallarinnar frá 16. öld og

vígði Viktoría Bretadrottning hana við hátíðlega athöfn í októbermánuði árið 1844. Starfsemi hófst hins vegar ekki í kauphöllinni fyrr en í janúar árið eftir. Vegur hennar fór hins vegar þverrandi eftir að ný öld gekk í garð og var lokað fyrir viðskipti í konunglegu kauphöllinni árið 1939.

Þessi þriðja kauphöll stendur enn í Lundúnaborg. Þótt nokkuð sé um liðið síðan hlutabréf skiptu um hendur innan veggja hennar hýsir byggingin enn kaupmenn en þar fyrir innan eru verlanir í dýrari kantinum á borð við Hermès, Molton Brown, Paul Smith, Haines & Bonner og Tiffanys.

Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

*Gallup maí 2006

- Vel lesið

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



VIRÐISSTJÓRNUN OG STEFNUMIÐUÐ ÁÆTLANAGERÐ

COGNOS®

Morgunverðarfundur á Hótel Nordica 25. janúar 2007

DAGSKRÁ

8:30 til 8:40 Morgunverðarhlaðborð

8:40 til 8:45 Setning
Guðmundur Stefán Jónsson,
viðskiptastjóri Cognos

8:45 til 9:45 Helstu atriði virðisstjórnunar (e. Value Based Management) og árangursstjórnunar (e. Performance Management) og samþættingu beggja aðferða. Hvað skiptir mestu máli og hvað ber að varast? Sýnt verður dæmi um útfærslu virðisstjórnunar og árangursstjórnun hjá Capacent, en Capacent styðst við hugmyndafræði virðisstjórnunar í stjórnun fyrirtækisins og notar Cognos við árangursstjórnun.
Ingvi Þór Elliðason, partner, Capacent

9:45 til 10:00 Fyrirspurnir

Ein morgunstund gefur fyrirheit um framfarir í þínu fyrirtæki.

Ekki láta tækifærið renna þér úr greipum.
Skráðu þig í dag á www.hugurax.is/cognos.

HUGUR / AX

capacent

annata

Calidris

HugurAx

Guðríðarstíg 2-4

113 Reykjavík

Sími 545 1000

www.hugurax.is

hugurax@hugurax.is



Fyrsta Gæfuspör Félags kvenna í atvinnurekstri

Við lá að hláturrokurnar úr Súlnasal Hótel Sögu bærust út á götu, slík var gleðin í upphafi verðlaunaafhendingar Félags kvenna í atvinnurekstri núna fyrir helgina. Leikkonan góðkunna Guðlaug Elísabet Jónsdóttir, einnig nefnd Gulla, sá um að „kynda“ mannskapinn og var því góð stemning í salnum þegar komið var að því að veita viðurkenningar.

Endað var á aðalviðurkenningunni en byrjað á þeirri nýjustu, Gæfuspörinu, sem verið var að afhenda í fyrsta sinn. Margrét Kristmannsdóttir, formaður FKA, sagði félagið hafa fengið marg-

ar ábendingar um að þótt konur stæðu höllum fæti hvað varðaði fjölda stjórnenda í fyrirtækjum almennt væru einstök fyrirtæki að gera vel og af þeim sökum hafi verið ákveðið að finna þessi góðu dæmi og verðlauna sérstaklega. Það kom því í hlut Þorsteins Vilhelmssonar, stjórnarformanns fjárfestingarfélagins Atorku, að veita Gæfuspörinu viðtöku, en fjórum af sex dótturfyrirtækjum félagsins hér stýra konur. „Í mínum huga er enginn vafi á því að íslenskt atvinnulíf hefur mikla þörf fyrir aðkomu kvenna að stjórnunarstörfum,“ sagði hann

og kvaðst tilbúinn til að vitna um það hvar og hvenær sem er að reynsluheimur, sjónarmið og stjórnunarhæfileikar kvenna hefðu nýst Atorku vel á undanföllum árum.

Guðbjörg Glóð Logadóttir, stofnandi Fylgífiska, fékk svo hvatningarverðlaun FKA. Hún sagðist þó klofin í herðar niður í afstöðu sinni til félagsins því helst vildi hún óska að félagsskaparins gerðist ekki þörf. „Rúmlega helmingur þjóðarinnar virðist vera minnihlutahópur og það er gjörsamlega óþolandi,“ sagði hún og kvað hugarfarsbreytinga þörf,



VERÐLAUNAHAFAR SAMAN Halla Tómasdóttir framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, sem hlaut FKA-viðurkenninguna 2007, aðalverðlaun Félags kvenna í atvinnurekstri, og Guðbjörg Glóð Logadóttir, framkvæmdastjóri og einn eigenda Fylgífiska, sem hlaut hvatningarverðlaun félagsins. Markaðurinn/Anton Brink

Bestu skuldabréfasjóðirnir

Skuldabréfasjóðir okkar voru með bestu ávöxtun ársins 2006 í öllum skuldabréfaflokkum samkvæmt hlutlausum samanburði sjodir.is. Einnig hefur Landsbankinn átt bestu skuldabréfasjóðina 3 ár í röð. Frábær árangur sjóðanna grundvallast á reynslu og færni sjóðsstjóra okkar ásamt öflugu greiningarneti.

Besti stutti skuldabréfasjóðurinn 2006*

Reiðubréf **8,9%**

Besti meðallangi skuldabréfasjóðurinn 2006*

Markaðsbréf 2 **11,3%**

Besti langi skuldabréfasjóðurinn 2006*

Markaðsbréf 4 **9,2%**

Besti skuldabréfasjóðurinn síðustu 3 ár*

| 2006 | 2005 | 2004 |
|-------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|
| Markaðsbréf 2 11,3% | Fyrirtækjabréf 9,3% | Markaðsbréf 4 17,1% |

Reiðubréf, Markaðsbréf 2 og Markaðsbréf 4 eru verðbréfasjóðir og Fyrirtækjabréf er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útbóðsýsingar og útdráttar úr útbóðsýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Samkvæmt hlutlausum samanburði sjodir.is. Nafnávöxtun á ársgrundvelli.

enda væri lagalegur réttur kynjanna nú jafn. „Til að komast í gegnum glerþakið þurfum við að hjálpa okkur sjálfar.“

Þakkarviðurkenningu félagsins fékk svo Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari fyrir að hafa rutt brautina fyrir aðrar konur inn í karlaveldi lögfræði og dómstóla. Guðrún sagði margt hafa breyst síðan hún læddist með veggjum í lagadeild fyrir 50 árum síðan, en þá höfðu einungis tvær konur lokið þaðan prófi.

Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, hlaut svo FKA-viðurkenninguna 2007, aðalverðlaun Félags kvenna í atvinnurekstri.

Halla tók fyrir ári við starfi framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs og þykir hafa staðið sig frábærliga í miklum óróa sem í byrjun ársins einkenndi erlenda umfjöllun um íslenskt efnahagslíf. „Halla einhenti sér í það verkefni að mennta alþjóðlega fjölmiðla, fjármálagreinendur og fjárfesta í íslenska hagkerfinu, en svokölluð Mishkin-skýrsla Viðskiptaráðs og alþjóðleg kynning og dreifing á henni var lykilþáttur í þeim viðsnúningi sem varð í neikvæðri umræðu síðastliðið vor,“ sagði Margrét Kristmannsdóttir, formaður félagsins, í ræðu sinni áður en hún afhenti Höllu verðlaunin.

Halla hvatti konur til að styðja konur þar til þær stæðu jafnfætis konum í stjórnunarstöðum. Þá hafði hún uppi dálítil varnaðarorð til kvenna um að verða ekki „konukonur“ á vinnumarkaði og rifjaði upp hrós sem hún fékk



SPJALL Í HÓFINU Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, spjallar við Guðrúnu Erlendsdóttur hæstaréttardómara sem hlaut heiðursviðurkenningu FKA.



BROSAD FYRIR VÉLINA Margt góðra gesta var í verðlaunahófi FKA. Hér má sjá Þóró Friðjónsson, forstjóra Kauphallarinnar, og Ragnhildi Geirsdóttur, forstjóra Promens, sem er í eigu Atorku, sem fékk einmitt Gæfuspörin fyrst fyrirtækja fyrir að ráða konur til stjórnunarstarfa.

eitt sinn frá samstarfsmanni til margra ára eftir að þau höfðu vakað lengi frameftir yfir lausn einhvers verkefnis. „Halla, það er svo frábært að vinna með þér! Það er bara alveg eins og ég sé að vinna með karlmanni,“ vitnaði hún í hann. Halla segist vera á móti sérstakri lagasetningu til að rétta skarðan hlut kvenna og kvaðst hafa á því fulla trú að konur myndu rétta sinn hlut sjálfar.

- óká



TEKIÐ VIÐ GÆFUSPÖRI Margrét Kristmannsdóttir, formaður FKA, Guðný Rósa Þorvarðardóttir, framkvæmdastjóri Parlogis, Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Promens, Þorsteinn Vilhelmsson, stjórnarformaður Atorku, Linda Björk Gunnlaugsdóttir, forstjóri A. Karlsson, Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Icepharma, og Birna Einarsdóttir, markaðsstjóri Glitnis. MARKAÐURINN/ANTON BRINK

Ert þú örugglega að fá bestu ávöxtunina?

Hafðu samband í síma 410 4040 eða kynntu þér sjóði okkar nánar á landsbanki.is



Landsbankinn




SAMSTARFIÐ HANDSALAÐ Þóroddur Sigfússon, vörustjóri í atvinnurekstrardeild TM, og Bjarki Jóhannesson, markaðsstjóri SecurStore, handsala samstarf á sviði forvarna- og fræðslumála sem beinist að verndun á tölvugögnum.

Samstarf á sviði gagnaöryggismála

Tryggingamiðstöðin og Tölvuþjónustan SecurStore hafa ákveðið að hefja samstarf á sviði forvarna- og fræðslumála í tengslum við verndun tölvugagna.

Í tilkynningu fyrirtækjanna kemur fram að Tryggingamiðstöðin ætli samhlíða samstarfinu að bjóða viðskiptavinum SecurStore nýja váttryggingu sem nefnist Gagnatrygging. Henni er ætlað að bæta kostnað sem hlýst af endurvinnslu gagna.

„Gagnatrygging TM er í boði fyrir fyrirtæki sem eru með samning við TÐS á sviði afritunarþjónustu. Í henni felst ákveðin viðurkenning á skilvirkni og öryggi afritunarþjónustu TÐS og að hún geti komið í veg fyrir tjón vegna tapaðra gagna. Gagnatrygging TM bætir þann kostnað sem hlýst af því að endurheimta gögn sem tapast í kjölfar tjóns af völdum bruna, vatns, innbrots, rafeindabilana, skammhlaups og margs fleira,“ segir í tilkynningunni. - óká



MÍN SKOÐUN
MEÐ VALTÝ BIRNI


ALLA VIRKA DAGA Á
X-INU 977 FRÁ 12-14.



PENINGAMARKAÐSSJÓÐURINN

Hæsta ávöxtun 2006

Ávöxtunartölur 2006*



* Samkvæmt gögnum frá Lánstrausti hf., sem birtir ávöxtun sjóða á Íslandi á hlutlausan hátt, er Peningamarkaðssjóðurinn með hæstu ávöxtunina 2006 miðað við sambærilega sjóði.

Markmið Peningamarkaðssjóðsins er að skila jafnri ávöxtun með fjárfestingum í skammtímaverðbréfum. Aðallega er fjárfest í innlánnum, skuldabréfum og víxlum skráðum í Kauphöll Íslands. Meðaltími sjóðsins er mjög stuttur, innan við ár og því er ekki að vænta mikilla sveiflna á gengi sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn skilaði 12,6% nafnávöxtun frá 30. desember 2005 til 29. desember 2006.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 575 4400 eða kíktu á vefsíðu okkar, www.vsp.is.

Engin kaup- eða sölupóknun.

Peningamarkaðssjóðurinn er rekin af Rekstrarfélagi Sparisjóðanna hf. Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf. er vörsluðili sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er m.a. fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Frekari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðsýsingu og útdrætti útboðsýsingar sem hægt er að nálgast á www.vsp.is.





VIÐ FÍFUNA Í KÓPAVOGI Margit Elva Einarsdóttir, Kristinn Jón Arnarson og Jóhanna Birgisdóttir hjá AP Sýningum vinna þessa dagana hörðum höndum að undirbúningi sýningarinnar Tækni og vits sem verður í mars. Fyrir helgi var farið yfir mál með fjölda sýnenda.

MARKAÐURINN/HEIÐA

Loksins tæknisýning

Stórsýningin Tækni og vit 2007 verður haldin í Kópavogi í marsbyrjun. Óli Kristján Ármannsson spurði Margit Elvu Einarsdóttur hjá AP sýningum hvernig undirbúningur gengi.

Tæplega 90 sýnendur hafa skráð sig á tæknisýninguna Tækni og vit 2007 sem haldin verður í Fífunni í Kópavogi dagana 8. til 11. mars næstkomandi, að sögn Margit Elvu Einarsdóttur, framkvæmdastjóra AP sýninga sem hefur umsjón með sýningunni. Hún segir undirbúning ganga vel.

Margit og hennar fólk fundaði með sýnendum fyrir helgi, enda að mörgu að hyggja þegar jafnmörg tæknifyrirtæki koma saman á afmörkuðu svæði. „Já, þarna verður örugglega mikil rafmagns- og netnotkun,“ segir hún en kveður gott utanumhald forðað því að til snúruflækju komi. „Í fyrra vorum við með sýninguna Verk og vit sem gekk mjög vel. Þar skilaði sér gott utanumhald í ánægðum sýnendum og gestum.“ Þannig segir Margit að margir sem verið hafi með á þeirri sýningu hafi viljað vera með aftur núna. „Góð samvinna og skipulag skiptir öllu máli.“

FJÖLBREYTTIR SÝNENDUR

„Svona tæknisýning hefur ekki verið haldin í nokkur ár og við höfum fundið fyrir miklum áhuga,“ segir hún og má því álykta að tæknifyrirtæki brenni í skinninu að sýna hvert öðru, sem og almenningi, margvíslegar nýjungar. Síðasta sambærilega sýningin var haldin árið 2002 í Laugardalshöll þegar fram fór Agora-þekkingarsýningin.

„Við fórum af stað og könnuðum þetta áður en við ákváðum að fara af stað með sýningu og virtist mikill spenninngur fyrir svona sýningu.“ Margit segir áhugann víðtækan meðal fyrirtækja og stofnana og þegar sé kominn mjög breiður hópur sýnenda. „Mikið er úr fjarskipta- og hugbúnaðargeira þar sem fyrirtæki hafa að bjóða margvíslegar lausnir. Svo eru náttúrulega fyrirtæki úr iðngeiranum líka, margvíslegur hátækniiðnaður. Þá er meðal sýnenda að finna menntastofnanir, sveitarfélög, opinberar stofnanir, Samtök iðnaðarins og orkufyrirtæki, svo eitthvað sé nefnt. Hópurinn er breiður, en mest náttúrulega af fyrirtækjum sem tengjast tölvum og hugbúnaði,“ segir Margit og bætir við að fjármálafyrirtæki hafi jafnframt sýnt sýningunni áhuga og að kortafyrirtækin séu að skoða málið.

VERÐI STILLT Í HÓF

Fyrst og fremst er Tækni og vit fagsýning þar sem fyrirtæki og stofnanir kynna verk sín og lausnir hvert fyrir öðru. „En við bjóðum svo líka almenningi að koma og skoða um helgina, enda heilmikið fyrir fólk að skoða á fagsýningunni.“ Hún segir að verði aðgöngumiða sé stillt í hóf fyrir almenning og verði rétt yfir bíómiðaverðinu, 1.200 krónur. „Og svo náttúrulega frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum,“ bætir Margit við og slær þar með bíóhúsumum við, sem rukka fullorðingsjald frá sex ára aldri. „En í sýningu sem þessari er náttúrulega heilmikill ávinningur fyrir sýnendur, bæði að

vera á staðnum og fá til sín gesti, stjórnendur fyrirtækja og stofnenda og fagaðila. Þeir fá svo að hitta almenning líka auk þess að ná að kynna vörur og þjónustu fyrir hinum sýnendum því segja má að öll helstu fyrirtæki og stofnanir landsins verði þarna samankomin og því tækifæri til að mynda viðskiptasambönd.“

Sýningin verður formlega opnuð síðdegis fimmtudaginn 8. mars og verður í gangi til klukkan níu um kvöldið. Á föstudeginum verður svo opið frá ellefu til sjö. „Og svo verður hún opin um helgina frá tólf til fimm og þá getur almenningur líka komið.“ Margit segir að í tengslum við sýninguna verði svo margvíslegir viðburðir og uppákomur. Til að mynda standa forsætis- og fjármálaráðuneyti að UT-deginum 8. mars og halda af því tilefni ráðstefnu í Salnum í Kópavogi. Þá séu Samtök iðnaðarins með ráðstefnu á föstudeginum í tengslum við Tækni og vit 2007 og fleiri fyrirtæki hafi valið að vera með námskeið, fyrirlestra og smáfundi á þessum tíma og tengja sýningunni, þar á meðal eitt japanskt. „Svo verðum við líka með afhendingu viðurkenninga til handa framsæknu fyrirtækjunum í þessum bransa og svo verða um helgina veittar viðurkenningar fyrir athyglisverðustu básetna á sýningunni,“ segir Margit og leggur áherslu á að til að sigra í þeirri keppni nægi ekki að vera bara með flottasta básinn, þótt vissulega geti það hjálpað til, heldur verði að vera eitthvað bitastætt í boði á honum, viðmót starfsfólks gott og þar fram eftir götunum.

MÁLID ER
Tækni og vit
2007



Hólmfríður Helga Sigurðardóttir

Úr verkfræði í ræðismennsku

Margt hefur breyst á Íslandi á þeim tuttugu og átta árum sem María Priscilla Zanoria hefur verið búsett á Íslandi. Árið 1979 kom hún hingað til lands, þá 24 ára gömul. Fyrir voru fjórir Filippseyingar á Íslandi. Hún minnst þess sérstaklega að margt eldra fólk virtist aldrei hafa séð dökka manneskju áður og varð því oftast en ekki starsýnt á hana. „Ég gleymi því aldrei þegar ég gekk í fyrsta sinn niður Laugavegin. Ég man eftir konu sem stóð við gluggann sinn, gægðist yfir gardínuna og starði á mig.“ Hún lét ekki störuna á sig fá og veifaði brosandri gömlu konunni, sem var fljót að hverfa bak við gluggatjöldin. Eins og á Íslandi hafa orðið miklar þjóðfélagsbreytingar á Filippseyjum frá þeim tíma er Priscilla fór þaðan. Þá var ein-ræðisherrann Ferdinand Marcos við völd og spilling allsráðandi. Almennungur reis upp gegn honum sjö árum síðar, árið 1986, eftir tuttugu ára valdasetu. Ein frægasta táknmynd spillingarinnar var þegar konungshöllin var opnuð almenningi og í ljós kom að eiginkona hans, Imelda, átti hvorki fleiri né færri en þrjú þúsund skópör. Andrúmsloftið í landinu var óstöðugt eftir að Marcos fór frá völdum en Priscilla segir það hafa batnað til muna. Hún hefur mikla trú á núverandi forseta landsins, Glóriu Macapagal-Arroyo. „Hún er gáfuð, sterk og ákveðin kona sem hefur góða framkomu. Hún hefur verið dugleg við að kynna Filippseyjar fyrir öðrum þjóðum og þá möguleika sem eru þar í boði.“

OPNAÐI VERSLUN MED FILIPPSEYSK MATVÆLI

Priscilla er verkfræðingur og var við störf sem slíkur í MERALCO-orkuverinu í Manila, höfuðborg Filippseyja, þegar hún kynntist eiginmanni sínum sem er íslenskur. „Ég var í góðu starfi með mjög góðar tekjur og langaði satt best að segja ekki að flytja til Íslands. Ég ákvað nú samt að prófa að koma.“ Þrátt fyrir mannfæðina og kuldann líkaði henni vel og innan tveggja mánaða var hún farin að vinna hjá verkfræðistofunni Fjarhitun. Fyrst um sinn, á meðan hún var að læra íslensku, vann hún sem tækniteknari. Síðar bætti hún við sig 23 einingum í verkfræðideild Háskóla Íslands og kom svo aftur til starfa hjá Fjarhitun, þar sem hún á meðal annars um að setja upp landupplýsingakerfi fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. Priscilla lærði fljótt að meta íslenska matargerð en saknaði þó hinnar filippseysku. Árið 1996 ákvað hún því að taka málin í sínar hendur sjálf, tryggði sér húsnæði á Hverfisgötu 98 og opnaði stuttu síðar sína eigin verslun. Hún fékk að sjálfsgöðu nafnið Filippseyjar og hefur fyrir löngu öðlast fastan sess hjá þeim sem vilja komast í ásíkt hræfni.

RÆÐISSKRIFSTOFA OPNUÐ

INNAN SKAMMS Priscilla starfaði hjá Fjarhitun frá árinu 1980 fram til ársins 2004. Þá fannst henni tími til kominn að breyta til og sinna eigin hugðarefnum. Hún hafði



MARÍA PRISCILLA ZANORIA María starfaði hjá verkfræðistofunni Fjarhitun í tuttugu og fimm ár. Hún hætti að vinna um fimmtugt og undirbýr nú opnun filippseyskrar ræðisskrifstofu á Íslandi.

MARKAÐURINN/GVA

FILIPPSEYJAR

Mannfjöldi: 83 milljónir
Hagvöxtur: 5,1 prósent
Verðbólga: 6 prósent
Atvinnuleysi: 8 prósent
Gjaldmiðill: 1 filippseyskur pesó = 1,40 krónur
Heimild: Heimasíða Alþjóðabankans.
Tölur miðast við árið 2005.

lengi barist fyrir opnun filippseyskrar ræðisskrifstofu hér á landi og sótti fyrst um leyfi til þess árið 1988. Þá fékk hún þau svör að hér væru of

FRÓÐLEIKSMOLAR

Á Filippseyjum ...

... hefur auðugt fólk þjóna til að sjá um um öll dagleg heimilisstærf.

... eru öll samskipti fremur formleg og algengt er að nota formlega titla á borð við herra og frú.

... skiptir víðeigandi klæðaburður miklu máli og notkun einkennisbúninga er mjög algeng.

fáir Filippseyingar. Því vandamáli er ekki fyrir að fara lengur. Í dag búa 1.317 manns sem fæddir eru á Filippseyjum hér á landi, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Nú hefur leyfið fengist og Priscilla mun á næstu dögum taka upp ræðismannstílinn.

Auk aðstoðar við Filippseyinga af ýmsu tagi munu þeir Íslendingar sem hafa áhuga á að stunda viðskipti á Filippseyjum geta leitað þangað eftir aðstoð. Nokkur viðskipti eru þegar milli landanna. Upplýsingar frá Hagstofunni sýna að fyrstu ellefu mánuðina í fyrra voru fluttar hingað til lands vörur fyrir 96,9 milljónir króna frá Filippseyjum. Mestmegnis er um að ræða matvæli, fatnað og raftæki. Priscilla telur að mun fleiri tækifæri en þessi leyrist í viðskiptum milli landanna. „Það eru mjög mikil tækifæri fyrir Íslendinga að fjárfesta á Filippseyjum,“ segir Priscilla. „Filippseyingar eru heiðarlegir og góðir vinnukraftar. Þar að auki er svo auðvelt að stunda viðskipti þar. Annað opinbert tungumál eyjanna er enska og því er ekki um neina tungumálaörðugleika að ræða. Það greiðir mjög fyrir öllum viðskiptum.“

Bestu vextirnir sjöunda árið í röð!



Bestu vextirnir 2006*

| | |
|---------------------|--------------|
| Markaðsreikningur | 9,94–11,86% |
| Verðtr. reikningar | 10,86–12,02% |
| Framtíðarreikningur | 12,13% |
| Lífeyrisreikningur | 12,19% |

*Skv. úttekt Morgunblaðsins á nafnvöxtum verðtryggðra og óverðtryggðra innlánsreikninga banka og sparisjóða árið 2006.

Við gerum enn betur á nýju ári

Markaðsreikningur ber nú allt að
14,05% vexti eða hæstu vexti
sambærilegra reikninga.**

**Skv. vaxtatöflum banka og sparisjóða á vöxtum á óbundnum innlánsreikningum þann 11.01. 2007

Netbankinn mælir með því að einstaklingar fjárfesti í sparnaði

Einstaklingar geta valið góðar sparnaðarleiðir hjá Netbankanum í samræmi við sín markmið. Hvort sem verið er að safna í ferðasjóð eða styrkja fjárhagslega afkomu á eftirlaunaárunum – þá skiptir mestu að spara þar sem vextirnir eru bestir.

Sæktu um á nb.is eða hringdu í þjónustufulltrúa í síma 550 1800

www.nb.is

 **Netbankinn**
– með betri vexti

BANKA HÓLFID



Stríðslán uppgreitt

Um áramótin síðustu greiddu Bretar Bandaríkjamönnum lokagreiðslu af láni sem tekið var í lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Bretar fengu á stríðsárunum um 30 milljarða Bandaríkjadala í formi efnahagsaðstoðar Franklins D. Roosevelt Bandaríkjaforseta til bandamanna.

Strax eftir stríðið létu bandarísk stjórnvöld af stefnu sinni en buðu Bretum lán til að greiða þær vörur sem þegar voru komnar til Bretlands eða á leiðinni með miklum afslætti. Lánið hljóðaði upp á 4,34 milljarða Bandaríkjadala með tveggja prósentu vöxtum og skyldi endurgreiða höfuðstólinn á fimmtíu árum frá og með árinu 1950. Mörg stríðslán eru aldrei greidd til baka. Bandaríkjamenn felldu niður stríðsskuldir frá fyrri heimsstyrjöld í kreppuni miklu og losnuðu Bretar þá undan skuldum sínum. Bretar voru þó ekki lánsamir því þeir áttu meiri stríðsskuldur en þeir skulduðu.

Vaxtalækkun fyrir kosningar?

Fleiri og fleiri eru að komast á þá skoðun að ekki verði tilefni fyrir Seðlabankann að lækka vexti fyrir en um mitt sumar. Ástæðan er að allt er á fullu svingi enn sem komið er í hagkerfinu og kólnunareinkennin láta lítið á sér kræla. Þetta er hin hagfræðilega sýn á verkefni bankans. Þeir eru þó til og meðal annars í hópi vel innvígðra í heima flokks og fræða sem telja að bankinn muni lækka vexti fyrir kosningar. Það sé þægilegra að fara inn í kosningabaráttuna með merkimiða um að vextir séu að lækka, en óútfyllta ávísun á það að vextir muni lækka síðar á árinu.

Fyrirhyggja í uppgjöri

Nokkur af stærstu fyrirtækjum landsins hafa ýmist ákveðið að gera bækur sínar upp í evrum eða íhuga að gera slíkt. Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Promens, sagði á opnum fundi viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands í síðustu viku að fyrirtækið hefði ætlað að gera upp í evrum frá og með þessu ári. Stefnit hefði verið að því í fyrra en umsókn um slíkt þarf að leggja inn til Ársreikningaskrár í nóvember ár hvert, tveimur mánuðum fyrir upphaf viðkomandi reikningsárs. Var því ákvörðuninni frestað fram á þetta ár. Skal stjórnendum fyrirtækja sem hyggja á uppgjör í evrum bent á að huga að breytingunni fyrir en seinna.

1 milljarður króna sem FL Group hefur grætt á gengishækkunum á degi hverjum undanfarinn mánuð.

8000 verður gildi úrvsluáttunnar í árslok 2007 gangi spá greiningardeildar Kaupþings eftir.

5,5 milljarða króna hagnaður Eimskipafélagsins á síðasta ári.

Símaskráin

VERTU ÁBERANDI Í SÍMASKRÁNNI

MÁLING
Innanhúsmálning í 5 gljás.
-það segir sig spálf-
580 6000

SLIPPFÉLAGIÐ
Málningarverksmiðja
588 8000

MÁLING
www.flugger.is
ger litir
málningarverkslun

MÁLING
567 4800

MÁLING
567 4415

MÁLING
567 4410

MÁLING
587 4811

MÁLING
563 5001

MÁLING
544 4411

MÁLING
544 4410

MÁLING
895 1480

MÁLING
568 7878

MÁLING
568 7819

MÁLING
556 2508

MÁLING
561 6132

MÁLING
541 6133

MÁLING
898 8892

MÁLING
544 4414

MÁLING
544 4411

MÁLING
899 2308

MÁLING
461 3100

MÁLING
861 3121

MÁLING
596 2331

MÁLING
862 8438

MÁLING
421 4790

MÁLING
421 2541

MÁLING
394 0201

MÁLING
399 0048



Auglýsingum í Símaskrána 2007 þarf að skila fyrir 31. janúar


Móttöku auglýsinga og skráninga í Símaskrána 2007 fer senn að ljúka.

Auglýsing í Símaskránni er með þeim áhrifameiri sem vól er á því hún er einn **mest notaði miðill** landsins þegar leitað er að **upplýsingum um fyrirtæki**. Þegar fólk tekur upp Símaskrána hefur það þegar tekið ákvörðun og á aðeins eftir að finna númer og hafa samband. Samkvæmt mælingum Capacent Gallup nota 86 þúsund Íslendingar Símaskrána vikulega eða oftar.

Ef þú þarft að breyta auglýsingu hafðu þá samband við ráðgjafa okkar í síma **522 3200** eða sendu tölvupóst á auglysingar@ja.is.



- er svarið



Blásu á keppinautana!

SPRON Verðbréf
Alþjóðlegur hlutabréfasjóður
43,18% ávöxtun*



*Nafnvöxtun árið 2006.